



UMSK

Ársskýrsla UMSK 2020

97. ársþing 25. febrúar 2021



UMSK

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	5
Stjórn	6
Fjöldi þingfulltrúa	7
Aðildarfélög UMSK	8
Úr starfi UMSK	11
Lottó og getraunir	14
Sjóðir UMSK	15
Viðurkenningar	17
Fréttapunktur ÍSí	19
Fréttapunktur UMFÍ.....	23
Frá félagunum	26
Lög UMSK	37
Reikningar 2020	38

Skýrslan

Skýrsla 2020, lögð fram á 97. ársþingi

Ungmennasambands Kjalarnesþings var unnin á skrifstofu UMSK af Valdimar Gunnarssyni í febrúar 2020.

Umbrot og hönnun: Magnús Óskarsson

Höfundar efnis: Valdimar Leó Friðriksson • Valdimar Gunnarsson • Jón Aðalsteinn Bergsveinsson • Ragna Ingólfssdóttir • Aðildarfélög UMSK

Ljósmyndir: Úr safni UMSK, UMFÍ, ÍSí og frá félögum.

Prentun: Litlaprent.



BREIDABLIK

BREIDABLIK
KÖRFUBU

SKUGA

Ávarp formanns

Velkomin á 97. ársþing UMSK Ágætu þingfulltrúar.



Hérðassambandið UMSK telur í dag 44 virk aðildarfélög, þar af eru 6 fjölgreinafélög með 47 deildir. Innan aðildarfélaganna eru skráðir 34.600 iðkendir í 30 íþróttagreinum. Covid19 faraldurinn hefur haft áhrif á íþróttahreyfinguna eins og allt annað en við höldum ótrauð áfram og vonir standa til að strafið geti farið á fullt er líður á sumarið. En rétt eins og í hruninu þá blómstrar Lottóið í faraldrinum. Þ.a.l. þá hefur verið góður hagnaður af rekstri sambandsins og ákvað stjórnin í desember að greiða út 10.000.000 kr til aðildarfélaganna vegna ástandsins.

Ég hef starfað í UMSK í 24 ár þar af síðustu 20 sem formaður. Það er langur tími og í þeirri trú að þetta hafi verið farsæll tími þá hef ég ákveðið að láta gott heita og gef því ekki kost á mér til endurkjörs.

Þegar ég lít til baka þá hefur þetta verkefni verið skemmtilegt og gefandi. Ég hef kynnst mörgu athyglisverðu fólki, ekki einungis á sambandssvæðinu heldur um land allt.

UMSK stendur traustum fótum, rekstur sambandsins er í jafnvægi og félagsmenn hafa valist til forystu bæði hjá ÍSÍ og UMFÍ. Það er hlustað á okkur þrátt fyrir að dags daglega fari kannski ekki mikið fyrir UMSK enda er það fyrst og fremst, bakhjarl aðildarfélaganna. En vonandi hefur verið gott að leita til okkar því það er mikil reynsla hjá UMSK, svona hálfgerð öldungaráð...

Mörg verkefni hafa byrjað hjá okkur í UMSK, þrátt fyrir að fingraförin sjáist ekki lengur. Við höfum aðstoðað við að hrinda af stað verkefnum og afhent þau síðan til aðildarfélaganna, einstaklinga eða sveitarfélaga.

Stoltastur er ég af Skólahreysti. Þegar Andrés Guðmundsson í Mosfellsbæ kom að máli við mig árið 2004 og kynnti þessa hugmynd var ákveðið að stofna Skólahreysti UMSK. Það fór fram í Mosfellsbæ árið 2005. Fréttin barst víða og beiðnir bárust frá íþróttakennurum og skólum í Reykjavík og víðar um að fá að taka þátt. Í framhaldinu var ákveðið að breyta nafninu í Skólahreysti Grunnskólanna og framhaldið þekkjum við. Mig langar að skilja eftir eitt verkefni handa nýrri stjórn, en það er að fá heimild frá menntamálaráðuneytinu til að kynna starf íþróttafélaganna í grunnskólunum. Það þarf að brjóta niður þennan múr sem skólastjórnendur hafa byggt og gera t.d. árvissat að öll 7 ára börn séu heimsótt og þeim kynnt hvað er í boði, þeim sjálfum til heilla.

Ég vil að lokum þakka aðildarfélögunum fyrir gott starf og góða samvinnu á þessum 20 ára ferli. Stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra sambandsins þakka ég gott samstarf og óska nýrri stjórn og okkur öllum velfarnaðar í starfi.

Takk fyrir mig.

Valdimar Leó Friðriksson Formaður UMSK

Stjórn UMSK

**Formaður:**

Valdimar Leó Friðriksson.
Vefarastræti 15, 270 Mosfellsbæ
valdimarleo@umsk.is

**Varaformaður:**

Magnús Gíslason.
Þorrasalir 9, 201 Kópavogur

**Gjaldkeri:**

Guðmundur Sigurbergsson.
Lindasmári 57, 201 Kópavogur

**Ritari:**

Halla Garðarsdóttir
Kópavogsbarð 5, 203 Kópavogur

**Meðstjórnandi:**

Lárus B. Lárusson.
Sævangurum 11, 170 Seltjarnarnesi

**Varastjórn:**

Geirarður Long
Reykjabyggð 28, 270 Mosfellsbæ



Þorsteinn Þorbergsson.
Ásbúð 3, 210 Garðabæ



Pétur Örn Magnússon
Gulapíng 52, 203 Kópavogur

**Framkvæmdastjóri:**

Valdimar Smári Gunnarsson.
umsk@umsk.is • sími 5144090 / 8948503

Dagskrá 97. ársþings UMSK

1. Þingsetning.
2. Kosning þingforseta.
3. Kosning þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Ársreikningur áritaður af stjórn og skoðunarmönnum lagður fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, ef þörf þykir, þar á meðal uppstillingarnefnd sem starfar á milli þinga.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á álit nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar, kjörnefnd skilar álit.
20. Kosning formanns.
21. Kosning tveggja stjórnarmanna.
22. Kosning þriggja manna í varastjórn.
23. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
24. Kosning til Íþróttþings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttþing er haldið.
25. Þingslit.

UMSK

Fjöldi pingfulltrúa á 97. ársþingi UMSK 2020

Félög	Samtals 16+	Pingfulltrúar	Félög	Samtals 16+	Pingfulltrúar
GKG	2074	9	Stormur	28	1
Sprettur	821	9	Boginn	528	5
UMFB	1256	9	Vatnaliljur	82	1
Stjarnan	6400	9	Afturelding	7256	9
GÁ	304	3	Golfklubbur Mosfellsbæjar	1221	9
Oddur	1417	9	Riddarinn	135	1
Sóti	124	1	Hörður	542	5
KFG	101	1	Motom	259	3
TFG	224	2	Álafoss	37	1
Júdó Garð	0	0	Kraft Mos	67	1
Adam	52	1	Grötta	1746	9
Breidablik	11033	9	Skylm.Seltj.	44	1
HK	11080	9	NK	773	8
Ýmir	304	3	Hnefaleikaf.	458	2
Gerpla	9570	9	Krían	84	1
DÍK	999	9	Lyftingaf. Kópav.	139	1
Skotf. Kóp	490	5	Lyftingaf. Garð.	115	1
TFK	800	6	Krikketf. Kóp.	0	0
Augnablik	145	1	Dansípr.f. Rúbín	1	1
ÍAK	115	1	Knattspyrnuf. Skandinavia	1	1
Glóðin	68	1	Knattspyrnufélagið Smári	1	1
Hvönn	157	2	Knattspyrnufélag Bjarnastaða	1	1
Stálúlfur	144	1	Taikwondof. Kópavogs	1	1
Ísbjörninn	224	2			



Aðildarfélag UMSK 2020



Afturelding www.afturelding.is
Ungmennafélagið Afturelding, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 11. apríl 1909
Formaður: Birna Kristín Jónsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 9.406
Fjöldi iðkenda: 2.571



Ýmir www.siglingafelag.is
Siglingafélagið Ýmir, Kópavogi
Félagið stofnað: 4. mars 1971
Formaður: Þorsteinn Aðalsteinsson
Fjöldi félagsmanna: 308
Fjöldi iðkenda: 209



GO www.oddur.is
Golfklúbburinn Oddur, Garðabæ
Félagið stofnað: 14. júlí 1993
Formaður: Kári Sölmundarson
Fjöldi félagsmanna: 1711
Fjöldi iðkenda: 1.450



Riddarinn www.riddarinn.is
Hvíti Riddarinn
Félagið stofnað: 27. janúar 2004
Formaður: Birgir Ragnarsson
Fjöldi félagsmanna: 135
Fjöldi iðkenda: 133



UMFÁ www.umfa.is
Ungmennafélag Alftaness
Félagið stofnað: 6. janúar 1946
Formaður: Guðjón Þór Þorsteinsson
Fjöldi félagsmanna: 1.506
Fjöldi iðkenda: 475



Golfklúbbur Mosfellsbæjar
Félagið stofnað: desember 2014
Formaður: Kári Tryggvason
Fjöldi félagsmanna: 1430
Fjöldi iðkenda: 1430



Söti www.hmfsoti.com/
Hestamannafélagið Söti, Bessastaðahreppi
Félagið stofnað: 30. maí 1994
Formaður: Jörundur Jökullsson
Fjöldi félagsmanna: 149
Fjöldi iðkenda: 149



Skyldingafélag Seltjarnarness
Félagið stofnað: apríl 2003
Formaður: Guðrún Jóhannsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 53
Fjöldi iðkenda: 51



Breiðablik www.breidablik.is
Breiðablik ungmennafélag, Kópavogi
Félagið stofnað: 12. febrúar 1950
Formaður: Sveinn Gíslason
Fjöldi félagsmanna: 14.571
Fjöldi iðkenda: 3.877?



GKG www.gkg.is Golfklúbbur,
Kópavogs og Garðabæjar
Félagið stofnað: 24. mars 1994
Formaður: Guðmundur Oddsson
Fjöldi félagsmanna: 2.697
Fjöldi iðkenda: 2.597



NK www.golf.is/nk
Golfklúbbur Ness
Félagið stofnað: 1964
Formaður: Kristinn Ólafsson
Fjöldi félagsmanna: 791
Fjöldi iðkenda: 791



ÍGK www.glod.is
Íþróttafélagið Glóð, Kópavogi
Félagið stofnað: 24. október 2005
Formaður: Margrét Björnsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 68
Fjöldi iðkenda: 92



Gerpla www.gerpla.is
Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi
Félagið stofnað: 25. apríl 1971
Formaður: Ragnheiður M. Ólafsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 13.737
Fjöldi iðkenda: 2.954



Hörður www.hordur.is
Hestaíþróttafélagið Hörður, Mosfellsbæ
Félagið stofnað: 22. febrúar 1950
Formaður: Margrét Dögg Halldórsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 640
Fjöldi iðkenda: 640



Augnablik
Knattspyrnufélagið Augnablik
Félagið stofnað: 1981
Formaður: Sigmar Sigurðarson
Fjöldi félagsmanna: 152
Fjöldi iðkenda: 151



GA www.golf.is/pages/klubbar/
klubbasíða
Golfklúbbur Alftaness
Félagið stofnað: 14. maí 2002
Formaður: Björn Sveinbjörnsson
Fjöldi félagsmanna: 341
Fjöldi iðkenda: 303



Stjarnan www.stjarnan.is
Ungmennafélagið Stjarnan, Garðabæ
Félagið stofnað: 30. október 1960
Formaður: Sigurgeir Gunnlaugsson
Fjöldi félagsmanna: 9.543
Fjöldi iðkenda: 5.218?



Sprettur www.sprettarar.is
Hestamannafélagið Sprettur,
Kópavogi/Garðabæ
Félagið stofnað: 29. júní 2012
Formaður: Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Fjöldi félagsmanna: 1645
Fjöldi iðkenda: 1.643



ÍAK
Íþróttafélag aldraðra Kópavogi
Félagið stofnað: 27. október 1994
Formaður: Hörður Þorleifsson
Fjöldi félagsmanna: 115
Fjöldi iðkenda: 94



Motomos www.motomos.is
Vélhjólaiþróttaklúbbur Mosfellsbæjar
Félagið stofnað:
Formaður: Jóhann Aró
Fjöldi félagsmanna: 266
Fjöldi iðkenda: 237



Gróttan www.grottasport.is
Íþróttafélagið Gróttan, Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 24. apríl 1967
Formaður: Bragi Björnsson
Fjöldi félagsmanna: 2.747
Fjöldi iðkenda: 1.724



SFK
Skotfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 28. apríl 1989
Formaður: Friðrik Goethe
Fjöldi félagsmanna: 494
Fjöldi iðkenda: 401



Hvönn www.hvonn.com
Dansfélagið Hvönn, Kópavogi
Félagið stofnað: 21. október 1995
Formaður: Hildur Ýr Arnardóttir
Fjöldi félagsmanna: 530
Fjöldi iðkenda: 530

Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar
Félagið stofnað: 13. desember 2009
Formaður: Hjalti Árnason
Fjöldi félagsmanna: 59
Fjöldi iðkenda: 89



HK www.hk.is
Handknattleiksfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 26. janúar 1970
Formaður: Sigurjón Sigurðsson
Fjöldi félagsmanna: 14.020
Fjöldi iðkenda: 2.883



TFK www.tfk.is
Tennisfélag Kópavogs, Kópavogi
Félagið stofnað: 4. júní 1991
Formaður: Jón Axel Jónsson
Fjöldi félagsmanna: 1081
Fjöldi iðkenda: 1081



DÍK www.dansari.is
Dansíþróttafélag Kópavogs
Félagið stofnað: 1. desember 2001
Formaður: Ellen Dröfn Björnsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 1798
Fjöldi iðkenda: 661



Tennisfélag Garðabæjar
www.tfg.is/
Félagið stofnað: 4. desember 2008
Formaður: Eypór Rafn Þórhallsson
Fjöldi félagsmanna: 350
Fjöldi iðkenda: 189



Knattspyrnufélag Garðabæjar

Félagið stofnað: 12. mars 2008
Formaður: Lárus Guðmundsson
Fjöldi félagsmanna: 101
Fjöldi iðkenda: 66



Hestamannafélagið Adam Kjós

www.kjos.is/felagasamtok/
hestamannafelagid-adam/
Félagið stofnað 8. febrúar 2007
Formaður: Óðinn Elísson
Fjöldi félagsmanna: 52
Fjöldi iðkenda: 52



Íþróttafélagið Stálúlfur

www.stalulfur.blogcentral.is
Kópavogi
Félagið stofnað 1. janúar 2010
Formaður: Algirdas Slapikas
Fjöldi félagsmanna: 144
Fjöldi iðkenda: 141



Judófélag Garðabæjar

www.jg.is
Félagið stofnað: 27. maí 2010
Formaður: Björn Halldór Halldórsson
Fjöldi félagsmanna: 42
Fjöldi iðkenda: 42

Rugbyfélagið Stormur

Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 29. september 2010
Formaður: Birnir Orri Pétursson
Fjöldi félagsmanna: 28
Fjöldi iðkenda: 15



Bogfímifélagið Boginn

www.boginn.is
Kópavogi
Félagið stofnað: 10. Júlí 2012
Formaður: Oliver Ormar Sigurðsson
Fjöldi félagsmanna: 569
Fjöldi iðkenda: 432



Knattspyrnufélagið Vatnaliljur

Kópavogi
Félagið stofnað: 22. september 2012
Formaður: Kristinn Pálsson
Fjöldi félagsmanna: 82
Fjöldi iðkenda: 81



Knattspyrnufélagið Ísbjörninn

Kópavogi
Félagið stofnað: 17. mars 2008
Formaður: Hafþór Karlsson
Fjöldi félagsmanna: 224
Fjöldi iðkenda: 97



Knattspyrnufélagið Krian

Seltjarnarnesi
Félagið stofnað: 15. janúar 2014
Formaður: Ingólfur Þráinsson
Fjöldi félagsmanna: 85
Fjöldi iðkenda: 85



Hnefaleikafélag Kópavogs

Félagið stofnað: 21. febrúar 2013
Formaður: Rúnar Svavarsson
Fjöldi félagsmanna: 616
Fjöldi iðkenda: 616



Lyftingafélag Garðabæjar

Félagið stofnað:
Formaður: Árni Björn Kristjánsson
Fjöldi félagsmanna: 122
Fjöldi iðkenda: 122



Krikketfélag Kópavogs

Félagið stofnað: 2015
Formaður: Jakob Robertson
Fjöldi félaga: 28
Fjöldi iðkenda: 28



Knattspyrnufélagið Álafoss

Félagið stofnað: 2017
Formaður: Patrekur Helgason
Fjöldi félaga: 37
Fjöldi iðkenda: 37



Lyftingafélag Kópavogs

Félagið stofnað:
Formaður: Jens Andri Fylkisson
Fjöldi félagsmanna: 141
Fjöldi iðkenda: 277



Félög tekin inn 2020

Taikwondofélag Kópavogs

Félagið stofnað: 2020
Formaður: Sigursteinn Snorrason

Dansíþróttafélagið Rúbín

Félagið stofnað: 2020
Formaður: Nikida Bazev

Knattspyrnufélagið Skandinavía

Félagið stofnað: 2020
Formaður: Saint Paul Edeh

Knattspyrnufélagið Smári

Félagið stofnað: 2020
Formaður: Sæþór Atli Harðarson

Knattspyrnufélag Bjarnastaða

Félagið stofnað: 2020
Formaður: Örn Ottesen





Úr starfi UMSK 2020

Þjónustumiðstöðin

Þjónustumiðstöð UMSK er í Laugardalnum í Íþróttamiðstöðinni að Engjavegi 6, 104 Reykjavík. Starfsmaður sambandsins er Valdimar Gunnarsson framkvæmdastjóri. Þar er daglegum rekstri sambandsins stýrt og þjónustu við aðildarfélögin sinnt.

Endamark, Biathlon og skemmtikerra

Sambandið á orðið ýmislegt sem getur nýst aðildarfélögum í starfi. Þar má t.d. nefna veglegt endamark fyrir þá sem ætla að halda hlaup. Markið er aðildarfélögum að kostnaðarlausu.

Einnig á sambandið biathlonbúnað sem félögin geta fengið með manni þegar gera á eitthvað skemmtilegt. Sambandið á einnig kerru sem full er af allskonar áhöldum til leikja. Tilvalið fyrir hópa til að gera eitthvað öðruvísi saman.

Íþróttaveislan – Verkefnastjóri og undirbúningur

UMSK tók að sér að halda Íþróttaveislu UMFÍ á árinu. Félögin þrjú í Kópavogi, Breiðablik, HK og Gerpla voru fengin til að vera framkvæmdaraðilar veislunnar fyrir UMSK. Ráðinn var verkefnisstjóri frá og með 1. janúar til að vinna að undirbúningi. Verkefnið var komið talsvert áleiðis þegar Covid skellur á og allt stöðvaðist. Fljótlega varð nokkuð ljóst að ekki yrði hægt að halda áfram og því var tekin sú ákvörðun að fresta veislunni um ár. Sú vinna sem búið var að framkvæma við undirbúning er ekki allveg til einskis því stór hluti nýttist áfram þegar veislan verður framkvæmd.

Kovid 19

Covid hafði mikil áhrif á starf sambandsins á árinu eins og allt íþróttalíf á Íslandi. Flest öll verkefni sem sabandið hefur komið að voru felld niður eða frestað. Unglingalandsmót UMFÍ, Landsmót UMFÍ 50+, Skólámót UMSK í blaki, Skólahlaup UMSK, Bocciamót UMSK, Handboltamót UMSK, Íþróttaveisla UMFÍ eru verkefni sem öll féllu niður árinu.

Dansmót UMSK

UMSK var haldið í Fagralundi 4. október. Mótið var nokuð litað af stöðunni í Covit og miklar ráðstafanir gerðir til að forðast smitun. Mótið tókst í alla staði vel

Aukagreiðsla til aðildarfélaga vegna Covid

Stjórn UMSK ákvað í desember að greiða út til aðildarfélaga sinna 10 milljónir sem stuðningur vegna áhrifa Covid á starf félaganna. UMFÍ og ÍSÍ greiddu einnig út til aðildarfélaga sinna aukagreiðslu frá Lottói og var hluti UMSK félaga 17 milljónir.

Sumarhús sambandsins í Þrastarskógi rífið

Framkvæmastjórn UMFÍ heimilaði UMSK 1973 að flytja sumarhús sitt í Þrastaskóg. Sumarhús þetta fékk UMSK að gjöf og hafði verið á hrakhólum með endanlega staðsetningu þess. Húsið var síðan flutt með viðeigandi tilfæringum og sett niður skammt innan við hliðið í Þrastarskógi. „Eldri menn segja að viðkomandi flutningsaðili hafi fest flutningsbílinn þar sem núverandi staðsetning hússins er í skóginum og sumarhúsið hafi því aldrei verið flutt á endanlegan stað til frekari frágangs“.

Sumarhúsið hefur verið á efnahagsreikningi samtakana lengi. Eignin er bókfærð á 30.000 krónur og brunatrygð fyrir um 30.000 krónur, þar sem það stendur í Þrastaskógi. Í haust var svo tekin ákvörðun um að láta rífa húsið þar sem það var orðið mjög illa farið og hætta á að það fyki.

Æskulýðsvetvangurinn www.aev.is

Æskulýðsvetvangurinn er samstarfsvetvangur UMFÍ, Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK og Landsbjargar. Hlutverkið er að standa vörð um hagsmuni barna og ungmenna og stuðla að heilbrigðum, uppbyggjandi og vönduðum aðstæðum í æskulýðsstarfi.

Samskiptaráðgjafi Íþrótt- og æskulýðsstarfs www.samskiptaradgjafi.is/

Markmiðið með starfsemi Samskiptaráðgjafa er að stuðla að því að íþrótt- og æskulýðsstarf fari fram í öruggu umhverfi og að börn, unglingar og fullorðnir, óháð kynferði eða stöðu að öðru leyti, geti stundað íþróttir eða æskulýðsstarf og leitað sér aðstoðar eða leitað réttar síns vegna atvika og misgerða sem eiga sér stað án þess að þurfa að óttast afleiðingarnar. Starfssvið samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs nær til skipulagðrar starfsemi á vegum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, Ungmennafélags Íslands, æskulýðssamtaka sem starfa á grundvelli æskulýðslaga og aðila sem gera samning við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Það þýðir að allir sem sækja skipulagðar æfingar eða félagsstarf hjá skátunum, KFUM og KFUK, Landssambandi ungmennafélaga, Íþróttafélögum eða bandalögum sem tilheyra UMFÍ og/eða ÍSÍ, geta leitað til samskiptaráðgjafa varðandi einelti eða ofbeldi sem þeir telja sig hafa orðið fyrir í sínu íþrótt- eða æskulýðsstarfi.

Söguritun

Bjarki Bjarnason hefur verið að skrifa sögu UMSK. Hann tók við söguritunni af Jóni M. Ívarssyni sem búinn var að skrifa söguna til 1962. Stefnt er að því að sagan verði tilbúin á 100 ára afmæli sambandsins í nóvember 2022.

Stjórnarfundir

Stjórnin hefur haldið 9 stjórnarfundum á starfstímabilinu og eru stjórnarfundir yfirleitt haldnir í fundarsölum ÍSÍ. Covid hefur sett strik í reikninginn hvað varðar framkvæmd fundanna en hluti stjórnarfundanna voru haldnir á Teams.

Fræðslumál

Sambandið hefur verið með þá stefnu að styrkja félögin beint til að vera með fræðslu fyrir félagsmenn sína. Fræðslu- og verkefnasjóður UMSK var settur á koppinn til að styrkja slík verkefni. Sótt er um á heimasíðu sambandsins www.umsk.is

Ánægjuvogin

Niðurstöður rannsóknar á meðal grunnskólanema í 8., 9. og 10. bekk á Íslandi 2020:
88% Nemenda sem æfa íþróttir finnast gaman á æfingum
61% Nemenda í efstu bekkjum Grunnskóla æfa með íþróttafélagi 1x í viku eða oftar
78% Nemend sem æfa íþróttir eru ánægð með æfingaaðstöðuna
89% Nemenda eru ánægð með íþróttafélagið sitt
88% Nemenda sem æfa íþróttir eru ánægð með þjálfarann sinn



Íþróttasjóður ríkisins

Íþrótt- og ungmennafélög, og fyrir þá sem starfa að útbreiðslu- og fræðsluverkefnum á sviði íþróttar. Einnig þá sem starfa að rannsóknum á sviði íþróttar. Styrkirnir eru ætlaðir íþrótt- og ungmennafélögum á landinu til að bæta aðstöðu til íþróttaiðkara. Einnig eru styrkir til útbreiðslu- og fræðsluverkefna. Umsóknafrestur er einu sinni á ári 1. október.

Átta verkefni á vegum félaga inna UMSK fengu styrk 2020 að upphæð kr. 1.850.000

Fræðslu og verkefnasjóður UMFÍ

Fræðslu og verkefnasjóður UMFÍ hefur þann tilgang að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagshreyfingarinnar m.a með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttgreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi.

Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sem eru virkir í starfi og hafa uppáskrift síns félags eða sambands til að afla sér aukinnar þekkingar á sínu sérsviði sem gæti nýst viðkomandi félagi, sambandi og ungmennafélagshreyfingunni í heild.

Umsóknafrestur er tvisvar á ári að vori og hausti.

Sjöttu og þrjú verkefni á vegum aðildarfélaga innan UMSK fengu styrk á árinu 2020 samtals 5.390.000..

Ferðasjóður Íþróttafélaga


Ferðasjóður íþróttafélaga hefur fengið árlegt framlag á Fjárlögum Alþingis, allt frá árinu 2007, til úthlutunar til íþrótt- og ungmennafélaga í landinu vegna keppnisferða innanlands. Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands var falið umsjón á útreikningi og úthlutunum úr sjóðnum.



Fjöldi iðkenda eftir íþróttgreinum

	2020	2019
Alm.íþr.	1086	1824
Badm.	87	75
Bandy	99	147
Blak	666	646
Bogf.	432	377
Borðt.	157	171
Dans	1386	1095
Fiml.	5272	4962
Frjals.	262	396
Golf	6571	6818
HIS	2293	2415
Hjól.	184	139
Hnefal	616	345
Karate	484	514
Knattsp.	7005	6729
Kraft.	394	269
Karfa	1396	1084
Hesta	2484	2405
Lyft	342	203
Motorsp.	237	237
Rugby	15	15
Sigl.	209	209
SKÁ	197	184
Skíði	56	60
Skot	401	331
Skylm	51	50
Sund	515	396
Taek.	315	123
Tennis	1270	1039
Þríþ.	140	113

Fjöldi iðkenda eftir íþróttgreinum








Lotto

Reglugerð

- 14% renna til sambandsins
- 7% renna til Afrekssjóðs UMSK
- 79% renna til aðildarféлага samkvæmt eftirfarandi skiptingu (skipt upp í 100%):
 - Þeim 79% sem koma í hlut félaganna verði fyrst skipt eftir íbúafjölda sveitarfélaganna á sambandssvæðinu m.v. íbúaskrá 1. desember ár hvert og síðan innbyrðis innan sveitarfélaganna eftir iðkendafjölda félaganna m.v. upplýsingar í FELIX.
 - Iðkendur hafi mismikið vægi eftir aldri þegar kemur að útreikningi hlutar hvers félags, þannig hafi iðkendur 5 ára og yngri stuðulinn (1), iðkendur 6-12 ára stuðulinn (3), iðkendur 13 – 18 ára stuðulinn (5), iðkendur 19 – 24 ára stuðulinn (3) og iðkendur 25 ára og eldri stuðulinn (1).

Lotto í tölum – reglugerð – hvað fær hvert félag

Lotto eftir Bæjafélögum



• Mosfellsbær • Kópavogur • Garðabær • Seltjarnarnes • Kjós

Mosfellsbær	16.947.708
Kópavogur	54.502.699
Garðabær	24.057.247
Seltjarnarnes	6.864.590
Kjós	350.933

Lotto á hvert aðildarfélag 2020

GKG	5.790.600
Sprettur	4.196.423
UMFB	1.260.276
Stjarnan	15.381.584
GÁ	557.984
Oddur	2.180.831
Sóti	391.157
KFG	166.390
TFG	626.521
Júddó Garð	205.230
Skinandi	1.102
Adam	350.933
Breidablik	16.304.055
HK	11.896.550
Ýmir	312.140
Gerpla	9.019.474
DÍK	1.817.063
Skotf. Kóp	445.580
TFK	2.635.563
Augnablik	503.539
ÍAK	97.711
Glóðin	115.536
Hvönn	1.187.958
Stálúlfur	203.251
Ísbjörninn	154.546
Stormur	20.366
Boginn	1.067.358
Vatnaliljur	188.067
Afturelding	9.897.506
Golfklubbur Mosfellsbæjar	4.074.554
Riddarinn	392.265
Hörður	1.754.485
Motom	670.716
Álafoss	14.216
Kraft Mos	143.966
Gróttá	5.339.037
Skylm.Seltj.	141.422
GN	1.211.856
Zetor	10.235
Hnefaleikaf.	1.281.913
Krían	162.040
Lyftingaf. Kópav.	266.654
Lyftingaf. Garð.	248.339
Krikkef. Kóp.	36.184



www.getraunir.is

Getraunastarf íþróttafélaganna

Á tímum Covid hefur reynt erfitt að halda úti hefðbundnu getraunastarfi íþróttafélaganna þar sem stuðningsfólk mætir í félagsheimilið, spjallar, drekkur kaffi og tippar á Enska getraunaseðilinn. Slíkar samkomur hafa ekki verið í boði.

Íþróttafélögin hafa samt mörg hver sýnt mikið hugmyndaflug til að halda úti getraunastarfinu og nýtt sér rafræna möguleika þar eins og annarstaðar í þjóðfélaginu.

Húspottur

Algengasta aðferðin er að búa til svokallaðan húspott og tippa á eitt húskerfi. Aðferðin felst í því að haft er samband við félagsfólk og það spurt hvort það vilji vera með í húspotti og leggja t.d. 1.000 krónur á viku í pottinn og taka þátt í 6-10 vikur. Upphæðin má vera að eigin vali, lægri eða hærri eftir vali hvers og eins og er tekin af kreditkorti viðkomandi. Eftir að húspotturinn er tilbúinn er tippað fyrir alla upphæðina á einn getraunaseðil. Líkurnar á vinningi eru hærri þar sem hægt er að tvítryggja og þrítryggja fleiri leiki með hærri upphæð. Enn fremur er hægt að velja áhugaverð getraunakerfi sem geta gefið góða vinninga.

Einfalt

Í félagakerfinu sem Getraunir láta íþróttafélögunum í té endurgjaldslaust, er einfalt að halda utanum innborganir félagsfólks. Í kerfinu er tippað á getraunaseðilinn og þegar úrslit eru ljós og vinningur kemur á seðilinn sér kerfið um að borga hverjum og einum sem þátt tók í húspottinum sinn vinning í réttu hlutfalli við þá upphæð sem hann lagði fram.

Að stofna húspott er einföld og skemmtileg fjáröflun fyrir íþróttafélögin sem tengir saman félagsfólk og getur haft óvænta vinninga í för með sér fyrir þá sem taka þátt.

Starfsfólk Getrauna veitir allar upplýsingar og aðstoðar íþróttafélögin sé eftir því leitað í síma 580-2500 eða í netfang phs@getspa.is

Með íþróttakveðju

Pétur Hrafn Sigurðsson deildarstjóri

Tekjur UMSK félaga af getraunum

Gróttá - knattsp.deild	34.297
Umf Breidablik	653.371
Íþróttafélagið Gerpla	118.073
HK - Handknattfélag. Kópav.	113.842
Umf. Stjarnan	192.008
Golfkl. Kópavogs og Garðab.	23.055
Umf. Afturelding	138.990
Golfklubbur Mosfellsbæjar	39.214
Samtals	1.312.850



Sjóðir UMSK

Stjórn UMSK endurskoðaði og uppfærði reglugerðir fyrir þá þrjá sjóði sem sambandið er með. Á fundi stjórnar í desember voru reglugerðirnar fyrir sjóðina samþykktar.

Reglugerð um Afrekssjóð UMSK

1.gr. Hlutverk

Heiti sjóðsins er Afrekssjóður UMSK. Hlutverk hans er að styrkja afrekssjóðir aðildarfélaganna UMSK til að fara í keppnisferðir innanlands sem og erlendis.

2.gr. Fjármagn

Fjármagn fær sjóðurinn af lottótekjum UMSK og er framlagið 7% heildartekjum UMSK. Jafnframt er heimilt að leita eftir viðbótarfjármagni frá öðrum aðilum. Stjórn sjóðsins ákveður styrkuppþæð í upphafi hvers starfsárs og eru mót innanlands styrkt um helming af þeirri upphæð, jafnframt er sjóðsstjórn heimilt að takmarka fjölda styrkja til einstakra þátttakenda innan ársins. Óheimilt er að skuldbinda sjóðinn umfram þær fjárhæðir sem til ráðstöfunar eru í sjóðnum við úthlutun.

3.gr. Skipan og hlutverk stjórnar

Sjóðsstjórn samanstendur af fimm aðilum úr hreyfingunni. Kosið skal um fjóra einstaklinga á ársþingi UMSK en fimmti stjórnarmaður er skipaður af stjórn UMSK. Hlutverk sjóðsstjórnar er að fara yfir umsóknir um styrki úr sjóðnum og fylgjast með nýtingu styrkja. Stjórn sjóðsins ákveður styrkuppþæð í upphafi hvers starfsárs og eru mót innanlands styrkt um helming af þeirri upphæð.

4.gr. Markmið

Aftekssjóður UMSK styrkir eftirfarandi verkefni:

- Þátttaka í landsliðsferðum, Norðurlandamótum, Evrópumótum, heimsmeistaramótum innanlands og utan og Olympíuleikum (leita má viðurkenningar á mótahaldi hjá viðkomandi sérsambandi).
- Önnur verkefni og sérstök afrek sem verða sérstaklega metin hverju sinni. Með sérstökum afrekum er átt við að íþróttamaður hafi verið valinn í úrvalshóp til þátttöku í Olympíuleikum, Heimsmeistara, Evrópu, eða Norðurlandamóts.
- Á ársþingi UMSK veitir sjóðurinn styrk til íþróttakarls, íþróttakonu og afrekshóps ársins. Stjórn UMSK tekur ákvörðun um hverjir skulu hljóta styrki

5.gr. Skilyrði

Umsækjendur skulu iðka íþrótt sína innan raða aðildarfélaganna UMSK, Umsóknir skulu ávallt koma frá félagi umsækjanda.

6.gr. Umsóknir

Úthlutað er úr sjóðnum þrisvar á ári og er umsóknarfrestur auglýstur á heimasíðu UMSK og með bréfi til aðildarfélaganna. Umsóknir skulu berast frá félagi umsækjanda. Umsók um styrk skal hafa borist eigi síðar en þremur mánuðum eftir að móti lýkur. Umsóknir skulu berast skrifstofu UMSK á þar til gerðum umsóknareyðublöðum. Sjóðsstjórn er þó heimilt að hafa frumkvæði að einstökum styrkveitingum. Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma á umsóknareyðublöðum og leita umsagnar annarra aðila. Sjóðsstjórn metur hverja umsókn til samþykktar eða synjunar. Ófullnægjandi gögn geta valdið höfnun umsóknar. Styrkir eru alla jafna greiddir út eftir að keppnisferð hefur verið farin og fullnægjandi grein hefur verið gerð fyrir ferðinni. Í því felst að skila þarf staðfestingu til skrifstofu UMSK s.s. farseðlum eða staðfestingu á þátttöku frá viðkomandi sérsambandi. Þó er heimilt að vikja frá þessari reglu ef ríkar ástæður eru fyrir hendi.

Styrkja ber að vitja innan árs frá mótslokum, að öðrum kosti falla þeir niður.

Stjórn sjóðsins skal færa rök fyrir úthlutun og höfnun úr sjóðnum sé eftir því leitað.

7.gr. Uppgjör

Framkvæmdarstjóri skal skila skýrslu til stjórnar UMSK á 6 mánaða fresti þar sem m.a. sé gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins. Rekstrar- og efnahagsreikningur sjóðsins skal birta árlega í skýrslu UMSK, sem lögð er fram á ársþingi UMSK.

Skoðunarmenn UMSK eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

8. gr. Gildistími

Reglugerð þessi tekur gildi þegar stjórn UMSK hefur staðfest hana og gildir þar til stjórn UMSK ákveður annað.

Samþykkt á fundi stjórnar UMSK þann 9. desember 2020

Reglugerð um Þjálfarasjóð UMSK

1.gr. Hlutverk

Heiti sjóðsins er Þjálfarasjóður UMSK. Hlutverk hans er að styrkja þjálfara aðildarfélaganna UMSK til að sækja námskeið sem og þekkingu erlendis sem ekki er í boði hérlendis. Stjórn UMSK skal í upphafi hvers starfsárs ákveða áherslur styrkveitinga fyrir komandi ár og nánari vinnureglur.

2.gr. Fjármagn

Fjármagn fær sjóðurinn af tekjum UMSK og skal stjórn UMSK ákveða framlag í sjóðinn í fjárhagsáætlun hvers árs. Jafnframt er heimilt að leita eftir viðbótarfjármagni frá öðrum aðilum. Stjórn sjóðsins skal í upphafi hvers árs ákveða styrkfjárhæðir, jafnframt er stjórn heimilt að takmarka fjölda styrkja til einstaks aðildarfélag. Óheimilt er að skuldbinda sjóðinn um-

fram þær fjárhæðir sem til hans eru lagðar í fjárhagsáætlun hverju sinni.

3.gr. Skipan og hlutverk stjórnar

Stjórn sjóðsins er stjórn UMSK eins og hún er skipuð hverju sinni. Hlutverk sjóðsstjórnar er að samþykkja umsóknir um styrki úr sjóðnum og fylgjast með nýtingu styrkja.

Framkvæmdastjóra UMSK er heimilt, milli stjórnarfunda, að samþykkja einstakar styrkumsóknir þjálfara allt að 50.000 kr. enda séu umsóknir í samræmi við áherslur stjórnar og studdar með fullnægjandi gögnum. Slíkar umsóknir skulu lagaðar fram af framkvæmdarstjóra ásamt fylgigögnum á næsta fundi stjórnar UMSK til staðfestingar. Framkvæmdastjóra er ekki heimilt að samþykkja fleiri en 2 umsóknir milli stjórnarfunda. Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um styrkumsóknir hærri en 50.000 kr.

4.gr. Markmið

Markmið sjóðsins er að styðja við og efla fræðslu þjálfara hjá aðildarfélagum UMSK með því gera þeim kleift að sækja viðurkennd námskeið á sviði íþróttafraeða, þjálfunar og með heimsóknum til viðurkenndra aðila eða félagsliða erlendis. Við veitingu styrkja er tekið sérstakt tillit til námskeiða sem ekki eru í boði hérlendis og möguleika þjálfara til endurmenntunar í íþróttagrein sinni. Einnig má veita styrki til greiðslu þáttökugjalda veigameiri viðurkenndra námskeiða, til starfsréttinda, sem haldin eru með fjárfundarbúnaði eða yfir internetið.

5.gr. Skilyrði

Umsækjendur skulu vera starfsmenn aðildarfélaga UMSK, eða einstakra deilda eftir atvikum. Umsóknir skulu ávallt koma frá félagi umsækjanda. Umsókn skal gefa skýrt til kynna hver ávinningur af verkefninu er fyrir umsækjanda og aðra þá hagsmunaaðila sem verkefninu tengjast. Ekki eru veittir styrkir til fleiri en tveggja einstaklinga frá sama félagi á sama námskeið.

6.gr. Umsóknir

Ekki er sérstakur umsóknarfrestur fyrir umsóknir í sjóðinn. Umsóknir skulu berast skrifstofu UMSK á þar til gerðum umsóknareyðublöðum. Sjóðsstjórn er heimilt að hafa frumkvæði að einstökum styrkveitingum. Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma á umsóknareyðublöðum og leita umsagnar annarra aðila. Sjóðsstjórn metur hverja umsókn til samþykktar eða synjunar. Ófullnægjandi gögn geta valdið höfnun umsóknar.

Styrkir eru alla jafna greiddir út eftir að námskeið eða ferð hefur verið farin og fullnægjandi grein hefur verið gerð fyrir verkefninu. Í því felst að skila þarf staðfestingu til skrifstofu UMSK um að þjálfari hafi lokið námskeiði eða heimsókn. Þó er heimilt að víkja frá þessari reglu ef ríkar ástæður eru fyrir hendi. Styrkja ber að vitja innan árs frá lokum verkefnis, að öðrum kosti falla þeir niður. Stjórn sjóðsins gefur ekki út rökstuðning fyrir samþykkt eða synjun styrkja.

7.gr. Uppgjör

Framkvæmdarstjóri skal skila skýrslu til stjórnar UMSK á 6 mánaða fresti þar sem m.a. sé gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins.

Rekstrar- og efnahagsreikningur sjóðsins skal birta árlega í skýrslu UMSK, sem lögð er fram á ársþingi UMSK. Skoðunarmenn UMSK eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

8. gr. Gildistími

Reglugerð þessi tekur gildi þegar stjórn UMSK hefur staðfest hana og gildir þar til stjórn UMSK ákveður annað.

Samþykkt á fundi stjórnar UMSK þann 9. desember 2020

Reglugerð um Fræðslu- og verkefnasjóð UMSK

1.gr. Hlutverk

Heiti sjóðsins er Fræðslu- og verkefnasjóður UMSK. Hlutverk hans er að styrkja fræðsluverkefni og sérstök verkefni aðildarfélaga UMSK. Stjórn UMSK skal í upphafi hvers starfsárs ákveða áherslur styrkveitinga fyrir komandi ár og nánari vinnureglur.

2.gr. Fjármagn

Fjármagn fær sjóðurinn af tekjum UMSK og skal stjórn UMSK ákveða framlag í sjóðinn í fjárhagsáætlun hvers árs. Jafnframt er heimilt að leita eftir viðbótarfjármagni frá öðrum aðilum. Stjórn sjóðsins skal í upphafi hvers árs ákveða styrkfjárhæðir, jafnframt er stjórn heimilt að takmarka fjölda styrkja til einstaks aðildarfélags. Óheimil er að skuldbinda sjóðinn umfram þær fjárhæðir sem til hans eru lagðar í fjárhagsáætlun hverju sinni.

3.gr. Skipan og hlutverk stjórnar

Stjórn sjóðsins er stjórn UMSK eins og hún er skipuð hverju sinni. Hlutverk sjóðsstjórnar er að samþykkja umsóknir um styrki úr sjóðnum og fylgjast með nýtingu styrkja.

Framkvæmdastjóra UMSK er heimilt, milli stjórnarfunda, að samþykkja einstakar styrkumsóknir aðildarfélaga allt að 50.000 kr. enda séu umsóknir í samræmi við áherslur stjórnar og studdar með fullnægjandi gögnum. Slíkar umsóknir skulu lagaðar fram af framkvæmdarstjóra ásamt fylgigögnum á næsta fundi stjórnar UMSK til staðfestingar. Framkvæmdastjóra er ekki heimilt að samþykkja fleiri en 3 umsóknir milli stjórnarfunda.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um styrkumsóknir hærri en 50.000 kr.

4.gr. Markmið

Markmið sjóðsins er m.a. að styðja við fræðslu iðkenda, starfsmanna aðildarfélaga og forráðamanna iðkenda í viðum skilningi ásamt því að styrkja við verkefni sem efla innra starf félaga eða einstakra deilda þeirra. Þá skal sjóðurinn styðja við nýsköpun á sviði íþróttar og aukna útbreiðslu íþróttar meðal allra aldurshópa.

5.gr. Skilyrði

Umsækjendur skulu vera aðilar að UMSK, félag eða einstakar deildir félaga eftir atvikum. Ekki eru teknar til greina umsóknir frá einstaklingum. Umsókn skal gefa skýrt til kynna hver ávinningur af verkefninu er fyrir umsækjanda og þá hagsmunaaðila sem verkefninu tengjast.

Sjóðurinn styrkir ekki tækja- og áhaldakaup, launakostnað starfsmanna aðildarfélaga, ferðakostnað eða almennan fundakostnað.

6.gr. Umsóknir

Ekki er sérstakur umsóknarfrestur fyrir umsóknir í sjóðinn. Umsóknir skulu berast skrifstofu UMSK á þar til gerðum umsóknareyðublöðum. Sjóðsstjórn er heimilt að hafa frumkvæði að einstökum styrkveitingum. Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma á umsóknareyðublöðum og leita umsagnar annarra aðila. Sjóðsstjórn metur hverja umsókn til samþykktar eða synjunar. Ófullnægjandi gögn geta valdið höfnun umsóknar.

Styrkir eru alla jafna greiddir út við lok verkefnis þegar fullnægjandi grein hefur verið gerð fyrir verkefninu. Þó er heimilt að víkja frá þessari reglu ef ríkar ástæður eru fyrir hendi.

Styrkja ber að vitja innan árs frá lokum verkefnis, að öðrum kosti falla þeir niður.

Stjórn sjóðsins gefur ekki út rökstuðning fyrir samþykkt eða synjun verkefna.

7.gr. Uppgjör

Framkvæmdarstjóri skal skila skýrslu til stjórnar UMSK á 6 mánaða fresti þar sem m.a. sé gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins. Rekstrar- og efnahagsreikningur sjóðsins skal birta árlega í skýrslu UMSK, sem lögð er fram á ársþingi UMSK.

Skoðunarmenn UMSK eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

8. gr. Gildistími

Reglugerð þessi tekur gildi þegar stjórn UMSK hefur staðfest hana og gildir þar til stjórn UMSK ákveður annað.

Samþykkt á fundi stjórnar UMSK 9. desember 2020





Valgarð Reinharðsson Íþróttakarli.



Sigurður Rúnar Magnússon
Starfsmerki UMFÍ



Guðmundur Sigurbergsson
Starfsmerki UMFÍ



Kristín Finnbogadóttir
Silfurmerki ÍSÍ



Hólmfríður Halldórsdóttir
Félagsmálaskjöldur



Magnús Gíslason
Gullmerki ÍSÍ



Algirdas Slapikas
Starfsmerki UMFÍ



Lárus B. Lárusson
Starfsmerki UMFÍ

Viðurkenningar á þingi UMSK 2020

Gróttu m.fl. karla – lið ársins 2019
Hólmfríður Halldórsdóttir Herði – Félagsmálaskjöldurinn
Berglind Björg Þorvaldsdóttir Breiðabliki – Íþróttakona UMSK 2019
Valgarð Reinharðsson Gerplu Íþróttakarli UMSK 2019

Magnús Gíslason	HK	Gullmerki ÍSÍ
Kristín Finnbogadóttir	Gróttu	Silfurmerki ÍSÍ
Eiríkur Mörk	Breiðablik	Silfurmerki ÍSÍ
Algirdas Slapikas	Stál-úlfi	Starfsmerki UMFÍ
Lárus B. Lárusson	Gróttu	Starfsmerki UMFÍ
Sigurður Rúnar Magnússon	Afturelding	Starfsmerki UMFÍ
Guðmundur Sigurbergsson	Breiðabliki	Starfsmerki UMFÍ



Birgir Tjörvi Pétursson
Lið ársins



Eiríkur Mörk
Silfurmerki ÍSÍ



Berglind Björg Þorvaldsdóttir íþróttakona
(Faðir hennar tók við viðurkenningunni)

Allar viðurkenningar UMSK er að finna
á heimasíðu sambandsins www.umsk.is



Heiðursviðurkenningar



Viðurkenningar



Fréttapunktur ÍSÍ

Verum hraust

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands - ÍSÍ fór af stað með skilaboðin #verumhraust á samfélagsmiðlum í október 2020. Átakanu „Verum hraust“ er ætlað að hvetja alla landsmenn til að sýna frumkvæði og sköpunargleði við að efla líkamlega og andlega heilsu sína á tímum kyrrsetu og tímabundinna takmarkana. ÍSÍ hvetur landsmenn til að prófa hinar ýmsu greinar skipulagðrar íþróttastarfsemi þegar að íþróttastarfsemi hefst að nýju, en innan ÍSÍ eru 33 sérsambönd og yfir 50 viðurkenndar íþróttagreinar. Yfirvöld heilbrigðismála hafa lagt á það ríka áherslu á tímum kórónuveirunnar að þjóðin stundi almenna hreyfingu og að gott heilsufar skipti máli í orrustu við smitsjúkdóma – en átakið hefur ekki síður það langtíamarkmið að markviss hreyfing verði hluti af daglegu lífi sem allra, allra flestra. Verum hraust – og deilum myndrænni hvatningu undir #verumhraust á samfélagsmiðlum, svo allir hinir taki líka við sér.

Covid -19 og íþróttahreyfingin

Kórónuveirufaraldurinn hefur haft gríðarleg áhrif á íþróttahreyfinguna.

Mótahald hefur verið mjög skert og æfingar hafa lotið takmörkunum vegna sóttvarnarádstafana. Tímabundnar lokanir voru á öllu íþróttastarfi og tekjuöflun íþróttahreyfingarinnar verið erfið. Þessu mótlæti öllu hefur íþróttahreyfingin mætt með úrræðasemi og þrautseigju. Hreyfingin hefur verið samhent í því að fylgja þeim takmörkunum sem settar hafa verið og sýnt samstöðu á erfiðum tímum.

Faraldurinn hefur einnig sett mark sitt á starfsemi ÍSÍ á árinu. ÍSÍ hefur verið tengiliður við heilbrigðisvörðandi varðandi undanþágur, eftirfylgni um gerð sérsambandsreglna varðandi framkvæmd æfinga og móta á tímum faraldursins og varðandi almenna upplýsingagjöf sem og að koma ábendingum og skoðunum hreyfingarinnar á framfæri við stjórnvöld. ÍSÍ hefur annast úthlutun styrkja til íþróttahreyfingarinnar frá stjórnvöldum, vegna Covid-19.

Forysta ÍSÍ hefur unnið náð með stjórnvöldum á tímum faraldursins og lagt áherslu á að tryggja þurfi fjárhagslegan stuðning til starfsins svo hreyfingin sé í stakk búin til að halda úti íþróttastarfi í landinu og komi sterk undan faraldurinum, eftir sem áður.

Stuðningur ríkisins við íþróttahreyfinguna

á tímum COVID-19

Ríkisstjórn Íslands hefur stutt veglega við íþróttahreyfinguna á tímum kórónuveirufaraldursins.

- Á vormánuðum úthlutaði stjórnvöld 450 milljónum króna til að koma til móts við tekjufall innan íþróttahreyfingarinnar. ÍSÍ hafði umsókn með ráðstöfun þessara fjármuna. Þessum fjármunum var úthlutað í tveimur aðgerðum, þ.e. um 300 milljónir króna í svokallaðar almennar aðgerðir og um 150 milljónir króna í sértækar aðgerðir, skv. tillögum sérstaks vinnuhóps ÍSÍ um verkefnið
- Stutt var við þátttöku barna og ungmenna í íþróttum með því að bjóða upp á viðbótar fristundastyrk til barna frá efnaminni heimilum, alls 600 milljónir króna. Boðið er upp á það úrræði með aðkomu sveitarfélaganna.

- Í lok desember 2020 voru samþykkt lög um greiðslur til íþróttahreyfingarinnar vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum kórónuveirufaraldurs. Úrræðið er í umsókn Vinnuálastofnunar og tekur til tímabilsins 1. október 2020 – 30. júní 2021.

Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt frekari stuðning við starf íþróttahreyfingarinnar, sem afgreitt verður á árinu 2021.

Lífshlaupið

Lífshlaupið 2020 fór fram dagana 5. til 25. febrúar. Í Lífshlaupinu eru landsmenn allir hvattir til að huga að daglegri hreyfingu og auka hana eins og kostur er, þ.e. í frítíma, í vinnu, í skóla og við val á ferðamáta

Hjólað í vinnuna

Hjólað í vinnuna fór fram dagana 6. til 26. maí 2020. Þrátt fyrir sérstakar aðstæður í þjóðfélaginu var þátttakan góð enda sjaldan verið jafn mikilvægt að huga vel að heilsunni.

Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ

Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ fór fram þann 13. júní 2020. Markmið Sjóvá Kvannahlaups ÍSÍ hefur frá upphafi verið að vekja áhuga á reglulegri hreyfingu.

Göngum í skólann

Göngum í skólann fór fram dagana 2. til 7. september 2020. Alls 75 skólar voru skráðir til leiks í verkefninu.

Íþróttavika Evrópu

Íþróttavika Evrópu fer fram víðsvegar um Evrópu daga 23. – 30. september ár hvert. Markmið Íþróttaviku Evrópu er að sporna gegn auknu hreyfingarleysi meðal almennings í Evrópu.

Þjálfaramenntun ÍSÍ

Fjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun er í boði þrisvar á ári, vor, sumar og haust en ÍSÍ sér um almenna hluta þjálfaramenntunar og sérsamböndin um þann sérhæfða. Í ár hafa yfir 200 nemendur/þjálfarar lokið námi á 1., 2. eða 3. stigi. Þjálfaramenntunin er á framhaldsskólastigi og er kennsla í almenna hlutanum í boði í mörgum framhaldsskólum.

Að störfum er vinnuhópur ÍSÍ um endurskoðun á þjálfaramenntun ÍSÍ.

Stjórnendanám

ÍSÍ stóð fyrir tveimur stjórnendanámskeiðum á árinu 2020 og fóru þau bæði fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Gunnar Jónatansson stjórnendamarkþjálfari var aðkennari á námskeiðunum

Ánægjuvogin

Ánægjuvogin 2020 var unnin af Rannsóknnum og greiningu (R&g) fyrir Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og Ungmennafélag Íslands (UMFÍ). Rannsóknir og greining lögðu spurningalista fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk í rannsókninni Ungt fólk. Í Ánægjuvoginni felst að spurningar tengdar íþróttum og íþróttaiðkun er bætt við spurningalistana. Listarnir voru lagðir fyrir nemendur bekkjanna og var svarhlutfallið 85%. Niðurstöðurnar voru greindar niður á íþróttahéruð og fengu þau öll skýrslu senda til sín.





Niðurstöður Ánægjuvogarinnar eru mjög jákvæðar fyrir íþróttahreyfinguna á Íslandi. ÍSÍ og UMFÍ létu vinna fimm kynningarmyndbönd um niðurstöðurnar sem sambandsaðilar eru hvattir til að birta á sínum miðlum, til stuðnings starfinu.

Fræðsla og fræðsluefni

Nokkrir stuttir fræðsluviðburðir voru haldnir árið 2020 og mun færri en í venjulegu árféridi. ÍSÍ bendir félögum og öðrum sambandsaðilum á það fræðsluefni sem til er og má finna á vefsíðu ÍSÍ. Þar er m.a.:

- Bæklingurinn Forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi í íþróttum.
- Hegðunarviðmið ÍSÍ og Siðareglur ÍSÍ sem félög geta haft að leiðarljósi við samningu siðareglna eða tekið þær óbreytt upp.
- Viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum.
- Tillaga að samþykki um uppflettingu í sakaskrá.
- Fræðslumyndbönd á Vimeó-síðu ÍSÍ.

Ólympíudagurinn

Ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim þann 23. júní ár hvert og hér á landi var hann haldinn hátíðlegur í Skallagrímssgarði í Borgarnesi í ár.

Persónuvernd

Með tilkomu nýrra laga um persónuvernd voru lagðar nýjar skyldur og kröfur á félagasamtök og fyrirtæki. Gerð er krafa um að öll sérsambönd, íþróttahéruð og aðildarfélög haldi skrá (vinnsluskrá) um alla vinnslu persónuupplýsinga innan viðkomandi einingar og einnig þarf að vinna áhættumat og úrbótaáætlun, ef nauðsyn er talin. Gerð er krafa um að allir ábyrgðaraðilar setji sér gilda Persónuverndarstefnu eða fræðslu til einstaklinga með öðru móti, sem unnið er eftir.

ÍSÍ hefur, í samstarfi við Advania/Advice, unnið leiðbeiningarpakka fyrir íþróttahreyfinguna þar sem tekið er á flestum þeim hlutum sem sérsambönd ÍSÍ, íþróttahéruð og íþrótt- og ungmennafélög þurfa að huga að í kjölfar breytinga á persónuverndarlöggjöfni.

Sett hefur verið upp vinnusvæði á Microsoft Teams fyrir ábyrgðaraðila héraðssambanda/sérsambanda og íþróttafélaga þar sem ábyrgðaraðilar geta tengst og sett inn spurningar varðandi verkefni. Svör við spurningunum má síðan sjá á vinnusvæðinu. Ef ábyrgðaraðila vantar upplýsingar til að tengjast þessu vinnusvæði þá er hægt að hafa samband við skrifstofu ÍSÍ.

Persónuverndarstefna ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ 2020

Árlegur Formannafundur ÍSÍ var haldinn 13. nóvember 2020. Fundinn sitja formenn og framkvæmdastjórar sambandsaðila ÍSÍ ásamt framkvæmdastjórn ÍSÍ og starfsfólki ÍSÍ. Fundurinn var haldinn á Microsoft Teams og var þátttakan frábær eða yfir 100 manns. Málafni COVID-19 faraldursins og áhrifa hans á starf og fjárhag íþróttahreyfingarinnar voru fyrirferðarmikil á fundinum en einnig var farið yfir starf vinnuhópa ÍSÍ sem starfa á milli þinga um ýmis hagsmunamál hreyfingarinnar.

Skýrsla stjórnar var flutt og farið yfir ársreikning ÍSÍ ásamt lykiltölum úr rekstri íþróttahreyfingarinnar í heild. Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ, Sólveig Jónsdóttir framkvæmdastjóri Fimleikasambands Íslands, Frimann Ari Ferdinandsson framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Reykjavíkur og Guðrún Inga Sívertsen formaður vinnuhóps ÍSÍ um úthlutun á framlagi ríkisstjórnarinnar vegna COVID-19, héldu erindi sem tengdust fjármálum hreyfingarinnar.

Myndræn tölfraedi um íþróttastarfið

ÍSÍ birtir árlega tölfraedi úr starfsskýrslum sem íþrótt- og ungmennafélög innan ÍSÍ skila rafrænt á ári hverju í gegnum Felix – félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ um umfang íþróttahreyfingarinnar, kynjaskiptingu, aldursdreifingu, íþróttgreinar og íþróttahéruð. Við birtingu á tölfraedinni er notast við Power BI sem gefur möguleika á gagnvirkri og fjölbreyttari framsetningu á niðurstöðunum. Notandinn getur því unnið með gögnin á annan hátt en áður og skilgreint leit sína betur eftir áhugasviði.

Í nýjstu gögnunum er um að ræða gögn um iðkun íþróttá landsvísu árið 2019.

Sem fyrr trónir knattspyrnan á toppnum með flestar iðkanir og næstu íþróttgreinar þar á eftir eru golf og fimleikar. Áhugasamir geta smeltt hér til að fletta í myndrænni tölfraedi íþróttahreyfingarinnar.



Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ

Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ hefur á árinu unnið að ýmsum þáttum sem tengjast Afreksstefnu ÍSÍ og þeim áherslum sem eru skilgreindar í stefnunni. Skipaðir hafa verið vinnuhópar sem hafa verið að skoða atriði sem snúa að skólaumhverfi afreksíþróttafólks, tryggingamálum og daglegu lífi afreksíþróttafólks. Þá hefur sviðið komið að þeirri umræðu sem snýr að þörfum sérsambanda gagnvart þjóðarleikvöngum og aðstöðumálum.

Afrekssjóður ÍSÍ

Afrekssjóður ÍSÍ hefur tekið miklum breytingum á undanförmum árum samhliða auknum stuðningi ríkisvaldsins. Á árinu 2020 var úthlutað rúmlega 463 milljónum króna til 30 sérsambanda ÍSÍ og höfðu styrkveitingar aldrei verið hærrí. Vegna breyttra aðstæðna þurfti að endurskoða þær styrkveitingar í lok árs og lækkuðu þær um tæpar 75 milljónir króna þannig að úthlutunin varð um 389 milljónir króna.





Fréttapunktur UMFÍ

Árið 2020 var árið sem íþróttahreyfingin þurfti á ímyndunaraflinu að halda og finna lausnir á alls konar flækjum. Þetta var árið sem íþróttahreyfingin tileinkaði sér nýja tækni, sat netfundum og hélt iðkendum á öllum aldri virkum í hreyfingu. COVID-faraldurinn markaði allt starf ungmennafélagshreyfingarinnar árið 2020.

Í kjölfar smits á Íslandi var sóttthreinsandi spritt gert aðgengilegt víða og hvatt til sértækra þrifa hjá UMFÍ og sambandsaðilum um allt land. Við tóku fundir með stjórnvöldum og íþróttahreyfingunni, gríðarleg upplýsingagjöf til sambandsaðila og aðildarféлага og aðgerðir sem miða að því að draga úr eða hefta mögulega útbreiðslu smita. Á sama tíma greip íþróttahreyfingin til ýmissa hugvitsamlegra ráða til að halda iðkendum virkum og starfsemi gangandi. Mikil samstaða var innan íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar gegn COVID-19.

Aðgerðir til að hefta útbreiðslu COVID-faraldursins leiddu til þess að allt íþróttastarf stöðvaðist í tvígang, fyrst frá 20. mars - 4. maí og aftur 8. október á höfuðborgarsvæðinu og 30. október á landinu öllu. Hömlum var ekki aflétt af íþróttastarfi fyrr en eftir áramótin eða 13. janúar 2021.

Ungmennabúðir UMFÍ

Ungmennabúðir UMFÍ hafa verið starfræktar að Laugum í Sælingsdal í Dalabyggð frá því í janúar árið 2005. Starfsemi var flutt í dásamlegt og líflegt umhverfi í Íþróttamiðstöðinni á Laugarvatni sumarið 2019. Fyrstu skólahóparnir komu í nýjar Ungmennabúðir UMFÍ á Laugarvatni í upphafi skólaárs haustið 2019. Árlega koma rúmlega 2.000 ungmenni í búðirnar á Laugarvatni. UMFÍ hefur leigt út húsnæði Ungmennabúða UMFÍ um helgar og utan skólaárs þegar skólahópar nýta það ekki, fyrir námskeið sambandsaðila og aðildarféлага, æfingabúðir og aðra íþróttatengda viðburði.

Ánægjuvugin 2020

Ánægjuvugin er unnin af Rannsóknnum og greiningu (R&G) fyrir ÍSÍ og UMFÍ. Rannsóknir og greining hafa lagt spurningalista fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk frá árinu 1992 undir heiti verkefnisins Ungt fólk. Spurt er m.a. um ánægju iðkanda með félag viðkomandi, aðstöðuna og helstu áhersluatriði þjálfarans í starfi. Einnig eru skoðuð tengsl íþróttaiðkunar við aðra þætti á borð við vimefnaneyslu, námsárangur, andlega og líkamlega heilsu og sjálfsmynd. Niðurstöður Ánægjuvogarinnar sýna m.a. að eftir því sem krakkar stunda oftar í viku íþróttir með íþróttafélagi, því ólíklegri eru þau til að neyta vimefnana. Hlutverk þjálfara og ábyrgð hans í uppeldi iðkanda er líka ótvírætt og skiptir sköpum hvaða áherslur hann hefur í forgangi í starfi sínu, s.s. sem hvernig hann horfir á sigur í keppni, drengilega framkomu og heilbriggt lífni.

Mikilvægi Íslenskrar getsþár

Íslensk getsþá, lottóleikir og 1X2, hafa reynst íslenskum íþróttafélögum afar dýrmætir bakhjarlar og traustir stuðningsaðilar þegar gefið hefur á bátinn. UMFÍ á 13,33% hlut í Íslenskrri getsþá. Fyrirtækið hefur greitt eigendum sínum mánaðarlega og fer fjármagnid að nærri öllu leyti áfram til sambandsaðila UMFÍ. Útgreiðslur til UMFÍ hafa aukist á hverju ári og námu árið 2019 182,4 milljónum króna sem voru greiddar til sambandsaðila. Í október 2020 var ákveðið að greiða aukalega til eigenda Íslenskrar getsþár, þar



á meðal til UMFÍ. Aukagreiðslan nam 300 milljónum króna sem skiptist á milli ÍSÍ, ÖBÍ og UMFÍ. UMFÍ fékk 40 milljónir króna sem greiddar voru út til sambandsaðila.

Sýnum karakter og vertu með

UMFÍ og ÍSÍ standa saman að nokkrum verkefnum. Þar á meðal eru verkefnið Vertu með og Sýnum karakter. Vertu með hefur það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi. Á vegum verkefnisins hefur komið út bæklingur á sex tungumálum ætlaður foreldrum barna og ungmenna af erlendum uppruna. Víetnamska og arabíska bættust við í bæklingaflóruna í lok árs.

ÍSÍ og UMFÍ halda úti vefsíðu Sýnum karakter. Þar er hægt a nálgast ýmsan fróðleik til að styðja betur við líkamlega og andlega þjálfun íþróttafólks, hlusta á hlaðvarp og margt fleira. Sýnum karakter: www.synumkarakter.is.

Ungt fólk og lýðræði

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði var haldin í ráðstefnu- og tónlistarhúsinu Hörpu í Reykjavík 17. september. Þetta var fyrsta skiptið sem hún hefur verið haldin á höfuðborgarsvæðinu.

Ráðstefnan hefur verið haldin á hverju ári frá 2009. Ætíð hefur verið haldið í upphafleg markmið hennar, sem er að leggja áherslu á og efla lýðræðislega þátttöku ungs fólk í leik og starfi. Eins er iðgð áhersla með henni að einstaklingar styrki sjálfsmynd sína og geti tekið upplýstar ákvarðanir um eigið líf og lífsstíl.

Samskiptaráðgjafinn

Sigurbjörg Sigurpáldóttir var um mitt ár 2020 ráðin í starf samskiptaráðgjafa í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Samskiptaráðgjafinn er óháður aðili sem styður við, leiðbeinir og aðstoðar þá sem hafa upplifað einhvers konar ofbeldi, einelti eða telja sig hafa tekið eftir slíku í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Ekki er innheimt gjald af þjónustu samskiptaráðgjafa í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Þeir sem telja sig hafa orðið fyrir ofbeldi eða einelti í sínu íþrótt- og æskulýðsstarfi eða eru ekki vissir og vilja fá ráðgjöf varðandi slík mál, geta haft samband við sigurbjorg@dmg.is eða hringt í síma 839-9100.

Sakavottorð

Sambandsaðilar og aðildarfélag þeirra geta haft samband við þjónustumiðstöð UMFÍ og leitað eftir aðgangi að sakavottorðum þeirra sem sækja um störf hjá viðkomandi félagi. Æ fleiri aðildarfélag hafa nýtt sér þennan möguleika.

Sakavottorð er fyrir þá dóma og brot á viðurlögum sem viðkomandi hefur hlotið hjá dómstólum og öðrum yfirvöldum. Samkvæmt æskulýðslögum er óheimilt að ráða einstaklinga til starfa með börnum og ungmennum sem hafa hlotið refsisdóma vegna ofbeldisbrota, ávana- og fíkniefnabrota eða kynferðisbrota. Heimildin, sem aðildarfélag sambandsaðila UMFÍ veita, gefur rétt til að sækja gögn vegna ofbeldisbrota 3-5 ár aftur í tímann. Engin tímamörk eru hins vegar vegna kynferðisbrota.

Sakavottorðin eru sambandsaðilum UMFÍ að kostnaðarlausu.

Hreyfivika UMFÍ

Hreyfivika UMFÍ fór fram dagana 25.-31. maí 2020. Viðburðir í Hreyfivikunni voru af ýmsum toga, allt frá opinni íþróttæfingu fyrir alla, skipulögðum göngutúrum og mörgum fleiri þar sem fólk var hvatt til þess að hreyfa sig saman.





Í Hreyfivíkinni efndu UMFÍ og Kristall í annað sinn til sérstaks leik á meðal grunnskóla. Leikurinn fólst í því að kennarar grunnskóla landsins voru hvattir til að bjóða nemendum í brennibolta og auka framboð á skemmtilegri hreyfingu.

Mótahald UMFÍ 2020

Þrjú mót voru á dagskrá UMFÍ sumarið 2020. Landsmót UMFÍ 50+ átti að vera í Borgarnesi í lok júní, Íþróttaveisla UMFÍ í Kópavogi viku síðar og Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi um verslunarmannahelgina. Undirbúningur allra mótanna var samkvæmt áætlun. Undirbúningsnefndir allra mótanna voru vel meðvitaðar um Covid-19 og þær afleiðingar sem mótahald gæti haft. Því voru teknar vel ígrundaðar og ábyrgar ákvarðanir um mótahaldið. Á vormánuðum var tekin ákvörðun um að fresta Landsmóti UMFÍ 50+ og Íþróttaveislunni. Það var þá ljóst að engin leið yrði að halda mótin og tryggja öryggi þeirra sem þau myndu sækja. Þessum mótum var frestað um eitt ár og mótsstaðirnir verða þeir sömu. Ákveðið var að biða með ákvörðun um Unglingalandsmótið en vonir stóðu til að ástandið mundi batna og samkomur sem þessar gætu farið fram. Hins vegar, þegar seinni bylgja Covid-19 skall á okkur og samkomutakmarkanir voru hertar til muna, varð ljóst að ekki væri hægt að halda þetta mót með þeim hætti sem framkvæmdaaðilar vildu. Ekki yrði hægt að tryggja öryggi mótsgesta og eftir samtöl og fundi með Almannaframtæmi ríkislögreglustjóra var ákvörðun tekin um að fresta mótinu um eitt ár.

Sambandsráðsfundur UMFÍ 2020

Til stóð að halda 43. sambandsráðsfund UMFÍ á Hótel Geysi í Haukadal í Bláskógabyggð dagana 23.-25. október 2020. Sambandsráðsfundurinn er haldinn annað hvert ár og er hann æðsta vald í málefnum ungmennafélags-

hreyfingarinnar á milli sambandsþinga. Samkomutakmarkanir og aðrar hömlur af völdum COVID-faraldursins ollu því hins vegar að halda þurfti fundinn í fyrsta sinn með rafrænum hætti á Microsoft Teams 29. október 2020.

Hvatningarverðlaun UMFÍ

Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands (ÚÍA) og Íþróttafélagið Höttur hlutu hvatningarverðlaun UMFÍ fyrir vel heppnað nýtt íþróttahús á Egilsstöðum fyrir fimleika og frjálssar íþróttir. Félagið byggði húsið í samvinnu við sveitarfélagið Fljótsdalshérað. Sprettur sporlangi, lukkuður ÚÍA, afhenti Davíð Þór Sigurðarsyni, formanni Hattar, Hvatningarverðlaunin.

Minnisblað UMFÍ

Á sambandsráðsfundinum var kynnt sextán blaðsíðna minnisblað UMFÍ um veirufaraldurinn, afleiðingar hans og tillögur að aðgerðum til að hjálpa íþrótt- og æskulýðsfélögum að sporna við neikvæðum áhrifum faraldursins á félög og iðkendur. Lagðar voru fram nokkrar tillögur sem byggðu á samtölum við einstaklinga úr grasrótastarfi UMFÍ og stjórnendur aðildarféлага UMFÍ í kjölfar þriðju bylgju faraldursins sem stöðvaði íþróttastarf á höfuðborgarsvæðinu í byrjun október.

Um var að ræða aðgerðir í vörn og sókn, enda lykilatriði í góðu íþróttastarfi að huga að báðum þáttum til að ná árangri. Til grundvallar er staða mála og þær aðgerðir sem nú þegar hefur verið gripið til af hálfu stjórnvalda.

Minnisblaðið má nálgast á vefsíðu UMFÍ: https://www.umfi.is/media/4741/umfi_covid11.pdf

Forvarnadagurinn

Forvarnadagurinn var haldinn 7. október 2020.

Í aðdraganda dagsins gerði auglýsingastofan Sahara myndband þar sem forseti Íslands ræddi um áherslur Forvarnadagsins og rætt við fjölskyldur, börn og ungmenni um forvarnir og heilbriggt líferni. Því til viðbótar gerði Sahara nokkrar myndir með slagorðum dagsins og birti þær ásamt vídeóum á samfélagsmiðlum þeirra félagasamtaka sem standa að Forvarnadeginum.

Skinfaxi og útgáfumál UMFÍ

Á árinu 2020 komu út þrjú tölublað af Skinfaxa, tímariti UMFÍ. Blöðin innihalda ráð til stjórnenda í hreyfingunni og fréttir af góðum verkum hjá sambandsaðilum og aðildarfélögum þeirra. Leitast hefur verið við að hafa þemu í blöðunum, s.s. um áskoranir félaganna og leiðir til lausna.

Blaðið er einnig á PDF-formi á vef UMFÍ. Slóðin er: <https://www.umfi.is/utgafa/skinfaxi/>

Göngubók UMFÍ

Göngubók UMFÍ kom út sumarið 2020. Hún var eins og árið áður unnin í samvinnu við göngugarpinn Einar Skúlason, stofnanda fyrirtæksins Wappið sem á og starfrækir samnefnt smáforrit. Bókinni var dreift um allt land, í sundlaugar, á ferðamannastaði og víðar. Bókin fór í gegnum heilmikla yfirlegu, gönguleiðir voru uppfærðar, sumum hent út en öðrum bætt við. Þá voru öll kort endurnýjuð.

Bókina er hægt að lesa á vefsíðu UMFÍ undir liðnum útgáfa: <https://www.umfi.is/utgafa/gongubok/>

Fréttabréf UMFÍ

UMFÍ sendi út fréttabréf að jafnaði á tveggja vikna fresti. Á póstlista eru sambandsaðilar UMFÍ, formenn, framkvæmdastjórnar, fjölmiðlafólk og hagsmunaaðilar. Í fréttabréfinu eru sagðar fréttir af UMFÍ, viðburðum, gagnlegum ráðstefnum fram undan og bent á góð ráð.

Hægt er að skrá sig fyrir fréttabréfinu á www.umfi.is eða með því að senda tölvupóst á umfi@umfi.is.

Þjónustumiðstöð UMFÍ

Þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands er í Sigtúni 42 í Reykjavík og er starfsstöð á Sauðárkróki. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og veitt ýmis þjónusta við aðildarfélög og félagsmenn. Þar er líka aðstaða til fundarhalda sem ýmsar nefndir nýta sér.



Frá félögunum



Afturelding

Aðalfundur Aftureldingar fór fram 9. Júní 2020 í Hlégarði.

Aðalstjórn félagsins 2020 – 2021:

Birna Kristín Jónsdóttir, formaður

Erla Edvardsdóttir, varaformaður

Sigurður Rúnar Magnússon, gjaldkeri

Geirarður Long, ritari

Gunnar Skúli Guðjónsson, meðstjórnandi

Lára Berglind Helgadóttir, meðstjórnandi

Reynir Ingi Árnason, meðstjórnandi

Helsu viðburðir úr starfi félagsins 2020:

Aðalfundur félagsins var haldinn óvenju seint enda óvenjulegar aðstæður í þjóðfélaginu sem sannarlega hafa lítað starfið okkar á árinu 2020.

Árið var okkur lærdómsríkt og eins og alltaf vorum við með fullt af frammúrskarandi iðkendum sem slóust um titilinn íþróttamaður og íþróttakona Aftureldingar. Að þessu sinni var haldinn rafrænn viðburður þar sem við kynntum kjörið á gamlársdag. Fyrir tveimur árum var stofnuð nefnd sem hefur faglega hæfni til þess að sinna því erfiða verkefni að velja úr tilnefningum deilda en í nefndinni sitja Hanna Björk Halldórsdóttir íþróttafulltrúi félagsins, Geirarður Long sem fulltrúi aðalstjórnar og Ívar Benediktsson faglegur ráðgjafi.

Íþróttamaður ársins var valinn Guðmundur Árni Ólafsson handboltamaður. Guðmundur lék mjög vel á seinni hluta tímabilsins og var hann til að mynda næst markahæsti leikmaður Ólísdeildarinnar og lykilmáður liðsins sem endað í 3. sæti þegar keppni var hætt.

Íþróttakona Aftureldingar var valin Sesselja Líf Valgeirsdóttir knattspyrnukona sem við endurheimtum til okkar eftir fjarveru í nokkur ár síðast hjá ÍBV. Sesselja var lykilkona í liði Aftureldingar sem endaði í 4. sæti Lengju-deildarinnar.

Hefð er fyrir því að velja vinnuþjark félagsins, sem kemur úr röðum sjálfbodaliða. Að þessu sinni völdum við Eygerði Helgadóttur sem hefur starfað fyrir félagið í fleiri en einni deild í mörg ár og er núverandi formaður Fimleikadeildarinnar. Nýjung átti sér stað hjá okkur sem fólst í því að velja þjálfara ársins, fyrsti þjálfari ársins kom frá fimleikadeildinni Alexander Sigurðsson. Alexander hefur einstaka leiðtogaþæfileika sem nýtast honum í þjálfun og starfi yfirþjálfara deildarinnar. Hann hefur frábært lag á iðkendum og nær að kalla það allra besta fram í hverjum og einum.

Valið um þjálfara ársins var erfitt þar sem árið reyndi mikið á þjálfarana um að stíga út fyrir boxið til þess að þjónusta iðkendur okkar sem best. Stöðugur vöxtur hefur verið í félaginu en þessar fordæmalaus tímur skilja okkur eftir með fækkun um 2,4% milli ára í heildina. Við munum því setja allt þúður í að sækja iðkendur okkar aftur, en það jákvæða er þó að sumar deildir hjá okkur eru að bæta við sig þannig að vonandi eiga flestir eftir að skila sér til baka. Knattspyrnudeildin er stærst deilda með um 36% iðkenda, þá kemur fimleikadeildin með 24% og handknattleiksdeildin með 13%. Aðrar deildir eru fámennari. Þetta er samatekt af iðkendum á aldrinum 4 – 19 ára.

Afturelding býður uppá frábært starf í 11 greinum en hjóladeildin var formlega tekin inn sem deild á síðasta aðalfundi. Við erum með meistaraflökka í efstu deildum í handbolta karla og blaki en meistaraflökka okkar í knattspyrnu spila báðir í næst efstu deild sem og kvinnaliðið okkar í handbolta.

Fjölnota knattþús sem tekið var í notkun árið 2019 er mikil bragabót fyrir iðkendur okkar sem þar æfa og ómetanleg viðbót við aðstöðu félagsins.

Ýmsa viðburði var ekki hægt að halda eins og til dæmis starfsdag þjálfara sem hafði fest sig í sessi sem árlegan viðburð þar sem við höfum fengið áhugaverð fagleg erindi og þétt raðirnar. Markmið starfsdags er fyrst og fremst að fræða þjálfara og auka félagsleg tengsl milli deilda enda ekki á hverjum degi sem þessum mannauði gefst tækifæri til að hittast öll á sama stað á sama tíma af því að þó að við séum 11 deildir þá erum við öll Afturelding.

Birna Kristín Jónsdóttir, formaður Aftureldingar.



Augnablik

Eftirfarandi sitja í stjórn:

Sigmar Ingi Sigurðarson formaður, Hafþór Haukur Steinþórsson

varaformaður, Ari Steinn Skarphéðinsson gjaldkeri Hrafnkell Freyr Ágústsson ritari, Arnór Brynjarsson Meðstjórnandi



Markmið félagsins er að styðja við uppeldisstarf Breiðabliks með því að gefa ungom og efnilegum leikmönnum tækifæri til þess að spila í meistaraflökki auk þess að taka við leikmönnum sem ekki komast að í meistaraflökku Breiðabliks. Félagið er að mestu rekið með styrkjum frá Kópavogsbæ, fyrirtækjum ásamt því að leikmenn og sjálfbodaliðar félagsins taka að sér vinnu fyrir Breiðablik í fjáröflunarskyni. Kvinnalið félagsins er þar að auki fjármagnað af Barna- og unglingaráði Knattspyrnudeildar Breiðabliks. Félagið sendi lið til keppni í 1. deild kvenna og 3. deild karla árið 2020. Kvinnalið Augnabliks var á sínu öðru tímabili í 1. deild eftir að hafa hafnað í 6. Sæti árið 2019. Vilhjálmur Kári Haraldsson stýrði liðinu á sínu öðru tímabili með liðið. Augnablik endaði í 5. Sæti 1. deildar með 24 stig þegar mótið var blásið af eftir 17 umferðir sem verður að teljast frábær árangur fyrir hið unga lið Augnabliks. Augnablik fell úr leik í 16 liða úrslitum Mjólkurbikarsins. Vilhjálmur Kári lét af störfum eftir tímabilið og tók Bárna Kristbjörg Rúnar dóttir við liðinu í skamman tíma áður en hún lét af störfum og flutti sig yfir til Kristiansstad í Svíþjóð. Kristrún Lilja Daðadóttir tók þá við þjálfun liðsins. Karlalið Augnabliks lék í 3. deild þriðja árið í röð. Jökull I. Elísabetarson var þjálfari liðsins á sínu fjórða tímabili. Karlaliðið endaði í 4. Sæti með 30 stig eftir 20 umferðir og leikur því áfram í 3. deild árið 2021. Liðið féll úr leik í fyrstu umferð Mjólkurbikarsins eftir grálegt tap í vítaspyrnukeppni gegn Árborg.

Fyrir hönd Augnabliks Sigmar Ingi Sigurðarson Formaður



Bogfímifélagið Boginn

Aðalfundur: 21.06.2020.

Aðalfundi Bogans var frestað frá mars til júní vegna samkomubanns vegna Covid-19.

Oliver Ormar Ingvarsson, formaður

Astrid Daxböck, varaformaður, Valgerður Einarsdóttir, gjaldkeri Guðmundur Örn Guðjónsson, ritari, Dagur Örn Fannarsson, meðstjórnandi Ásdís Lilja Hafþórsdóttir og Nói Barkarson, varamenn

Covid hafði gífurlega mikil áhrif á félagsstarf á árinu 2020, það þurfti að aflýsa mörgum mótum og æfingum á árinu. Ungmennastarf bogfímifélagsins Bogans, í samstarfi við Bogfímisetrið, gekk þó merkilega vel miðað við aðstæður vegna heimsfaraldurs.

Öllum alþjóðlegum mótum var aflýst af erlendum samböndum vegna heimsfaraldurs, en margir keppendur voru áætlaðir til keppni á árinu 2020 með landsliðum BFSÍ. Á indoor world series, alþjóðlegri fjarmótaröð heimsambandsins, var Boginn meðal 10 efstu trissuboga liða í mótaröðinni í heiminum og margir keppendur Bogans stóðu sig vel í einstaklingskeppni. Keppendur Bogans stóðu sig framúrskarandi á mótum hérlendis og tóku flesta Íslandsmeistararitla og Íslandsmet á árinu í öllum aldursflokkum, af öllum félagsliðum í íþróttinni.

Íþróttafólk ársins BFSÍ voru bæði úr Boganum, Marín Aníta Hilmarsdóttir og Dagur Örn Fannarsson. Þau tvö ásamt Nóa Barkarsyni fengu einnig viðurkenningu frá BFSÍ fyrir árangur sinn á árinu 2020 í sínum bogaflokkum. Boginn fékk margar aðrar viðurkenningar á árinu.

Ný heimasíðan Bogans í loftið boginn.is og Nóri var tekin í notkun. Með innkomu Nóra og bótum á innra starfi félagsins gangvart æfingum iðkenda er líklegt að iðkenda fjöldi muni aukast töluvert. Þar sem réttari mynd mun þá sjást á umfangi félagsins, sérstaklega gagnvart ungmennastarfi.

Ráðnir voru þjálfarar í hlutastörfi fyrir sinn til þess að sinna ungmenna-æfingum Bogfímifélagsins Bogans. Áætlað er að stefna þann veg að færa eins mikið af verkefnum félagsins og mögulegt er í hendur starfsmanna og reiða minna á sjálfbærni. Sumarnámskeið barna og unglunga voru vel stunduð og gert ráð fyrir töluverðri eflingu ungmennastarfs á næstu árum.

Framtíðar markmið er að halda áfram að auka gæði og fjölda þjálfara, búaðar og aðstöðu í félaginu og fjölga meðlimum, halda yfirburðum á Íslandi og ná góðum árangri á mótum erlendis. Einnig er mikilvægt að byggja upp betra samband við Kópavogsbæ.

Boginn mun einnig halda góðu samstarfi við önnur félög á höfuðborgarsvæðinu í sínu starfi.



Breiðablik

Frjálsíþróttadeild

Frjálsíþróttadeild Breiðabliks gerði það gott á árinu þrátt fyrir að Covid-19 faraldurinn hafi sett mark sitt á starf deildarinnar með afgerandi hætti. Það sem kom verst niður á starfi deildarinnar var þegar allur meistaraflokkur, utan 6

keppenda, var í sóttkví þegar aðalhluti Meistaramóts Íslands fór fram og Breiðablik tefldi einungis fram litlum hluta liðs síns.

Afrefsfólk Breiðabliks vann til 10 Íslandsmeistararitla í fullorðinsflokkum á árinu. Arnar Pétursson langhlauparari vann sex titla, Karen Sif Ársælsdóttir stangarstökkvari tvo og Ingi Rúnar Kristinsson stangarstökkvari tvo. Eitt Íslandsmet féll, þegar Markús Birgisson 15 ára bætti metið í fimmtárraut 15 ára og yngri. Lið Breiðabliks varð Íslandsmeistari félagliða innan og utanhúss í flokki 15 ára pílta. Það lið er líka Bikarmeistari innan og utanhúss. 20-22 ára piltarnir nældu sér einnig í Íslandsmeistararitli félagliða innahúss. Íslandsmeistararitlarnir í aldursflokkamótum urðu alls 94, og af þeim á Markús Birgisson 14.

Hjólreiðadeild

Hjólreiðadeildin hélt tvö mót sumarið 2020, bikarmót í tímatöku í upphafi sumars og Íslandsmótið í götuþjólreiðum í Hvalfirði í lok sumars. Félagsmenn voru margir hverjir ötulir við að taka þátt í hinum ýmsu hjólreiðamótum. Var

Ingvar Ómarsson árangursríkastur allra og kosinn hjólreiðamaður ársins sjöunda árið í röð, landaði þremur Íslandsmeistararitlum og tveimur bikaritlum. Auk þess urðu Anna Helgadóttir og Ólafur Þór Magnússon bikarmeistarar í sínum aldursflokkum í tímatöku og Berglind Aðalsteinsdóttir bikarmeistari í fjallabruni A-flokkum.

Karatedeild

Starfið í Karatedeild Breiðabliks á árinu fólst fyrst og fremst í að aðlaga þjónustu við iðkendur að aðstæðum. Árið byrjaði eins og áður og væntingar um áframhaldandi vöxt, ánægju og árangur. Reykjavíkurlíkarnir fóru fram í janúar og náði deildin góðum árangri – 3 silfur og 6 brons. Fyrsta bikarmót KAI fór fram í febrúar aldrei fleiri Karateblikar tekið þátt – árangurinn gull, silfur og 4 brons. Annað keppnishald lagðist í skugga veiru og samkomutakmarkana og sama má segja um hefðbundnar æfingar stóran hluta ársins. Heimaæfingar, Zoom þjálfun komu í stað hefðbundinna æfinga í sal og þjónusta við iðkendur fór fram með rafrænum hætti.

Knattspyrnadeild

Knattspyrnadeild Breiðabliks stóð sem fyrr fyrir stærsta knattspyrnumóti landsins þegar Síamamótið fór fram í 37. sinn. Í ár tóku um 2.400 stelpur þátt og hefur mótið aldrei verið stærra. Yngri flokkarnir héldu áfram og blómstra og sem fyrr unnust hinir ýmsu sigrar á mótum ársins. Við erum sérlega stolt af yngri iðkendum sem lögðu mikinn metnað og elju í það að sinna heimaæfingum á meðan ástandið vegna heimsfaraldursins var sem verst. Þar voru iðkendurnir oft á tíðum sínir eigin þjálfarar og er það reynsla sem mun nýtast þeim vel í framtíðinni.

Meistaraflokkur karla fór vel af stað á Íslandsmótinu en gaf svo eftir þegar leið á mótið. Strákarnir féllu úr leik í 2.umferð Evrópukeildarinnar þegar þeir lutu í lægra haldi gegn stórliði Rosenborg. Strákarnir enduðu svo Íslandsmótið með sæmd og tryggðu sér 4.sæti sem gefur þátttökurétt í Evrópukeppni á næsta ári.

Meistaraflokkur kvenna stóð sig frábærlega í ár og urðu Íslandsmeistarar með yfirburðum ásamt því að vera komnar í undanúrslit í bikarkeppninni þegar mótið var blásið af vegna heimsfaraldursins. Með árangri sumarsins tryggðu stelpurnar sér þátttökurétt í Meistaradeild Evrópu árið 2021. Eftir að mótinu lauk hafa nokkrar knattspyrnukonur frá Breiðabliki gengið til liðs við stórlið í Evrópu auk þess sem Þorsteinn Halldórsson þjálfari liðsins var ráðinn landsliðsþjálfari. Frábær viðurkenning fyrir það öflugna starf sem unnið er hjá Knattspyrnadeild Breiðabliks.

Kraftlyftingadeild

Heimsfaraldurinn hafði mikil áhrif á starfsemi kraftlyftingadeildar Breiðabliks, eins og á svo margt annað.

Keppnisárið hófst með Reykjavíkurlíkunum í klassískum kraftlyftingum. Þar keppti Blikinn Birgit Rós Becker og hafnaði í fjórða sæti með 83,3 IPF-stig. Hún lyfti samanlagt 437,5 kg, sem var nýtt Íslandsmet í -84 kg flokki. Þá tók við langt keppnishlé og næsta mót ekki haldið fyrr en í júní. Þegar lokað var fyrir æfingar tóku þeir sem gátu upp á því að koma sér upp frumstæðum æfingaaðstöðum í heimahúsum.

Kraftlyftingadeild Breiðabliks tók að sér að halda Íslandsmeistaramótið í

rétstöðulyftu, en það var haldið 27. júní í Fagralundi. Á mótinu voru 8 keppendur frá Breiðabliki og náðu 4 þeirra verðlaunasætum í sínum flokkum. Þar bar hæst árangur Sóleyjar Margrétar Jónsdóttur, sem varð Íslandsmeistari í +84 kg fl. á nýju Íslandsmeti með 212,5 kg lyftu.

Síðasta mótin sem haldin voru á árinu voru svo Íslandsmeistaramótin í kraflyftingum og klassískum kraflyftingum, sem bæði voru haldin 12. september í Njarðvík.

Breiðablik átti tvo keppendur á ÍM í kraflyftingum, Sóleyju og Guðfinn Snæ Magnússon. Sóley varð Íslandsmeistari í +84 kg fl. og setti þar Íslandsmet í bekkpressu með 180 kg og í réttstöðulyftu með 220 kg. Þá lyfti hún 665 kg í samanlögðu sem er Íslandsmet og mesta þyngd sem íslensk kona hefur lyft frá upphafi kraflyftinga hér á landi. Guðfinnur varð Íslandsmeistari unglunga í +120 kg fl. Hann tók þar Íslandsmet unglunga í hnébeygju af Júlían J.K. Jóhannssyni með 400,5 kg. Þá rauf hann í fyrsta sinn 1000 kg múrinn í samanlögðu með 1000,5 kg.

Á ÍM í klassískum kraflyftingum átti Breiðablik 4 keppendur. Þar ber helst að nefna Birgit Rós sem varð Íslandsmeistari í -72 kg fl. á nýju Íslandsmeti með 431,5 kg samanlagt. Birgit setti einnig Íslandsmet í hnébeygju með 165,5 kg og í réttstöðulyftu með 176 kg. Þá setti Alexandra Rán Gylfadóttir Íslandsmet unglunga í bekkpressu í -57 kg fl. með 90 kg, en hún hafnaði í 2. sæti í flokkinum.

Íþróttafólk kraflyftingadeildar voru valin þau Sóley Margrét Jónsdóttir og Guðfinnur Snær Magnússon.

Sunddeild

Sunddeild Breiðabliks átti gott sundár árið 2020, þrátt fyrir að mótin væru heldur færri en venjulega vegna COVID-19. Á Reykjavík International Games (RIG) sem fram fór í upphafi ársins unnu Blikar 21 verðlaun og þar af 10 gullverðlaun.

Tveir sundmenn Breiðabliks náðu lágmörkum fyrir Evrópumeistaramót Unglinga og þrír sundmenn náðu lágmörkum fyrir Norðurlandamót Æskunnar. Þessi mót áttu að fara fram sumarið 2020, en því miður féllu þau niður.

Íslandsmótið í 50 metra laug fór fram í júlí og átti Breiðablik 19 keppendur og komu 13 Íslandsmeistararitilur í hús, auk þess sem sunddeildin vann til 16 annarra verðlauna á mótinu.

Í júlí fór einnig fram Aldursflokkameistaramót Íslands þar sem Breiðablik varð í þriðja sæti í liðakeppni. Þar voru kryndir 14 aldursflokkameistarar frá Breiðabliki í einstaklingsgreinum og 3 í boðsundum. Af sex stíghæstu sundmönnum mótsins, átti Breiðablik tvo. Ólafsbikarinn, sem veittur er fyrir besta afrek mótsins, kom jafnframt í hlut Sunddeildar Breiðabliks fyrir afrek í 800 m skriðsundi telpna.

Samtals tóku 12 sundmenn úr Breiðablik þátt í landsliðsverkefnum á vegum Sundsambands Íslands á árinu 2020 og á félagið nú 3 sundmenn í úrvalshópi SSS, en í hópnum eru einungis 12 sundmenn.

Þríþrautardeild

Þríþrautardeild Breiðabliks hélt sína árlegu Kópavogspraut árinu með góðum árangri en minna fór fyrir öðrum keppnum á tímabilinu og voru æfingar

takmarkaðar raunheimum vegna covid. Þjálfarateymið okkar stóð sig frábærlega á árinu, sýndi mikla aðlögunarfærni við að útfæra æfingaplön, setja upp rafrænar æfingar og að útfæra rafræna fræðslufundi fyrir iðkendur. Þríþrautarfólkið okkar var einnig að gera góða hluti á árinu en má þar helst nefna þau Guðlaugu Eddu Hannesdóttur og Sigurður Örn Ragnarsson. Þau náðu frábærum árangri á árinu en bæði voru þau valin þríþrautarfólk ársins hjá Þríþrautarsambandi Íslands, þríþrautarfólk Breiðabliks og sigruðu bikarkeppni sambandsins. Árið var okkur gjöfult en eins og hjá öllum þá hafði covid áhrif á bæði æfinga og keppnistímabilið. Þjálfarar okkar og iðkendur deildarinnar voru til fyrirmyndar á þessum fordæmalausum tímum og eiga heiður skilinn fyrir jákvæðni og elju.

Skíðadeild

Hjá Skíðadeild Breiðabliks bar hæst góður árangur Jóns Eriks Sigurðssonar sem keppti í flokki U 16 ára og Margrétar Davíðsdóttur U 14 á alþjóðlegu móti ungmenna í Andorra. Jón Erik sigraði í svigi, 6 risasvigi og 4 sæti í alþátvikeppni. Margrét varð 13 í svigi, 11 stórsvigi 15 risasvigi og 12 í alþátvikeppni. Lítið var keppt á Íslandi vegna covid 19.

Skákdeild

Skákdeild Breiðabliks hefur unnið mjög gott starf á árinu, iðkendum deildarinnar fjölgaði umtalsvert og urðu 65 talsins. Nýir þjálfarar bættust við í öflugt þjálfarateymi deildarinnar og er umgjörðin, æfingaskipulag og annað utanumhald til fyrirmyndar. Á árinu færðist hluti af æfingum deildarinnar á netið og fundu þjálfarar skemmtilegar leiðir til að kenna krökkunum rafrænt og halda þeim við efnið. Hin ýmsu netskáknot voru haldin á árinu til að mynda Norðurlandamót stúlkna, Evrópumót ungmenna, Undankeppni HM ungmenna og Landsmótið í Skólaskák og stöðu Blikar sig virkilega vel á þessum mótum. Öllum var þó létt þegar æfingar gátu byrjað að nýju og var hápunktur ársins Íslandsmót Ungmenna þar sem um 40 iðkendur Skákdeildar Breiðabliks tóku þátt og enduðu 12 verðlaun hjá iðkendum Breiðabliks, þar af 5 Íslandsmeistararitilur af 10 mögulegum.



Gerpla

Íþróttafélagið Gerpla hélt aðalfund 25. júní 2020 fyrir starfstímabilið 1. júní 2019 – 31. maí 2020. Eftirfarandi aðilar skipuðu stjórn félagsins á tímabilinu: Ragnheiður M. Ólafsdóttir, formaður, Marta Kristín Sigurjónsdóttir varaformaður, Heiður Hjaltadóttir ritari, Hjalti Ragnar Eiríksson, Hreggviður Símonarson, Hanný Ösp Pétursdóttir og Sif Pálsdóttir.

Íþróttafélagið Gerpla starfrækti sex mismunandi deildir innan félagsins á liðnu tímabili í tveimur íþróttahúsum. Áhaldadeild karla og kvenna, hóp-fimleika karla og kvenna, almenna deild, parkour deild, fimleikadeild karla og kvenna og fimleika fyrir fatlaða. Gerpla leggur áherslu á fjölbreytt þjónustuframboð og hefur það einkennt starfsemi félagsins undanfarin ár. Boðið er uppá fimleika í mismunandi formi fyrir breiðan aldrarskóp hvort heldur sem markmiðið er að stunda líkamsrækt eða stefna á keppni í



fimleikum. Parkourdeildin hefur verið að vaxa ört og stunda rúmlega 150 iðkendur parkour hjá félaginu og er hún hástökkvari í iðkendafjölda annað árið í röð. Annars hefur iðkendafjöldinn haldið sér ennþá en brottfall vegna heimsfaraldurs gæti átt eftir að koma niður á félaginu í nánustu framtíð. Leikskólaverkefnið okkar hefur gengið vel og erum við nú í samstarfi við tvo leikskóla í nágrenni Gerplu Fífusali og Sólhvörf. Verkefnið felst í því að iðkendur á elsta ári leikskóla fylgja þjálfurum og starfsfólki leikskólans í nærliggjandi íþróttahús og fara þau í fimleikatíma. Þannig ná þau að klára íþróttir sínar á skólatíma.

Ekki er hægt að fjalla um starfsárið án þess minnst á heimsfaraldurinn Covid-19 en hann setti heldur betur strík í alla íþróttaiðkun á landinu frá miðjum marsmánuði og fram í byrjun maí og svo aftur á haustönn. Það var kraftaverki líkast hvernig þjálfarar og starfsfólk brugðust við faraldrinum og samkomubanninu með þeim hætti að færa æfingar barnanna heim í stofu í gegnum fjarfundabúnað, youtube, zoom, teams, messenger og öll þessi samskiptaforrit. Kríla- og bangsapþjálfarar þurftu að hugsa út fyrir kassann þar sem foreldrar máttu ekki fylgja börnunum á æfingar inn í íþróttahús fyrst um sinn eftir að samkomubanni lauk. Það var því brugðið á það ráð að fara með æfingarnar út á Versalavöll. Sem betur fer lék veðrið við iðkendur og tókst vel til. Heimilin tóku virkan þátt í æfingum og fjölbreyttum áskorunum og komu margir tvíefdir til baka á æfingar. Eldri iðkendur fengu næringarfyrirlestra og var brugðið á þá nýjung að láta þau matreiða um leið með leiðbeiningum hollan og góðan mat. Reynt var eftir fremsta megni að fylgjast með iðkendum og brotthvarfi eftir faraldurinn og stendur sú vinna enn yfir.

Sökum Covid-19 þurfti að fella niður marga viðburði og bitnaði það einna helst á keppnisdeildum en einnig þurfti að hætta við vorsýningu Gerplu sem er jafnframt stærsti viðburður félagsins á ári hverju. Það verður því mikið lagt í sýninguna á þessu ári þegar félagið fagnar um leið hálfri aldar afmæli sínu. Gerpla átti að halda Norðurlandamót í áhaldafimleikum fullorðina og unglunga og var undirbúningur í fullum gangi á vorönn. Til að mynda var búíð að fjárfesta í keppnisáhöldum sem til þurfti til að

halda mótið en einnig voru verðlaunapeningarnir komnir í hús sérpantaðir frá Danmörku og nokkurt vinnuframlag var búið að leggja í verkefnið. Í faraldrinum hafa þrif verið aukin og sprittstandar settir upp víðsvegar um húsin. Öll börn og starfsmenn hafa sinnt sóttvörnum áður en farið er inn á æfingar og á meðan á æfingum stendur. Æfingar hafa gengið vel í þessum nýja raunveruleika og er ótrúlegt að félagið hafi sloppið enn sem komið er við að fá smit í hús.

Sumarstarfið var blómlegt 2020 og voru haldin fjöldinn allur af sumarnám-skeiðum sem voru vel sótt. Heilsdags sumarnámsskeiðin voru keyrð í Versólum en hálfisdags – parkournámskeið voru keyrð í Vatnsenda. Keppnishópar æfðu fram í júlí vegna samkomubanns á vorönn og byrjuðu aftur í ágúst á meðan að yngri hóparnir æfðu út júní.

Að lokum vil ég fyrir hönd Íþróttafélagsins Gerplu þakka starfsfólki, iðkendum, foreldrum og öðrum velunnurum fyrir samheldni í gegnum heimsfaraldurinn sem setti svo stórt strik í alla starfsemina á árinu. Við erum þakklát fyrir það og horfum fram á við sterkari sem aldrei fyrr.

Áfram Gerpla!

Olga Bjarnadóttir



GKG

Nafn félags: Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar (GKG)
Hvenær aðalfundur haldinn: 26. nóvember 2020.

Hver er formaður: Guðmundur Oddsson

Stjórn GKG 2020:

Guðmundur Oddsson, formaður

Ásta Kristín Valgarðsdóttir, varaformaður

Sigurður Kristinn Egilsson gjaldkeri

Björn Steinar Stefánsson, meðstjórnandi

Ingibjörg Ólafsdóttir, meðstjórnandi

Tómas Sigurðsson, meðstjórnandi

Ragnheiður Stephensen, meðstjórnandi

Sigmundur Einar Músson, meðstjórnandi

Einar Gunnar Guðmundsson, meðstjórnandi

Markvert úr starfi félagsins 2020

Árið 2020 var mjög farsælt hjá GKG þegar lítið er til fjölda félagsmanna og árangurs okkar afrekskyflinga. Alls voru 2.469 iðkendurskráðir í GKG, sem er fjölgun um 330 frá síðasta ári. Af heildarfjöldanum voru 822 börn 18 ára og yngri golf hjá okkur í sumar, sem er mesti skráði fjöldi frá upphafi. Eldri borgurum fjölga einnig, og eru nú 248. Það er gaman að sjá fólk frá 5-95 ára stunda sömu íþróttina. Karlar eru 67,2%, en konur eru 32,8%, en munurinn minnkar milli kynjanna hjá iðkendum eldri en 50 ára. Það er markmið okkar að jafna kynjamun í klúbbnum með því að laða fleiri konur í klúbbinn og er það gert m.a. með mjög öflugum kvennastarfi.

Meistaramót GKG var haldið í 27. sinn í sumar og urðu þau Hulda Clara Gestsdóttir og Hlynur Bergsson klúbbmeistarar. Árangur GKG í landsmótum var glæsilegur og náðust 8 Íslandsmeistaratilur, sem er með því besta í sögu klúbbsins.



Íslandsmeistari í högggleik karla: Bjarki Pétursson

Íslandsmeistari í högggleik 35 ára og eldri: Sigmundur Einar Músson

Íslandsmeistari í högggleik 17-18 ára piltar: Sigurður Arnar Garðarsson

Íslandsmeistari í högggleik 17-18 ára stúlkna: Hulda Clara Gestsdóttir

Íslandsmeistari í holukeppni 19-21 árs stúlkna: María Björk Pálsdóttir

Íslandsmeistari í holukeppni og högggleik 15-16 ára drengja:

Dagur Fannar Ólafsson

Íslandsmeistarar golfklúbba 12 ára og yngri: Arnar Daði Svavarsson, Benjamín Snær Valgarðsson, Björn Breki Halldórsson, Gunnar Þór Heimisson, Snorri Hjaltason, Stefán Jökull Bragason.

Íslandsmeistarar golfklúbba í 1. deild karla: Aron Snær Júlíusson,

Bjarki Pétursson, Egill Ragnar Gunnarsson, Hlynur Bergsson, Kristófer

Orri Þórðarson, Ólafur Björn Loftsson, Ragnar Már Garðarsson,

Sigurður Arnar Garðarsson. Þjálfari: Andrés Jón Davíðsson

Stigameistari drengja 15-16 ára á Unglingamótaröð GSI:

Dagur Fannar Ólafsson

Blessunarlega gátum við spilað okkar golf í sumar án teljandi hnökra vegna Covid takmarkana. Fyllstu sóttvarnarráðstöfunum var gætt en en golfíþróttin er leikin á stórum velli sem gerir það að verkum að mjög auðvelt er að forðast hópamyndanir. Fólk lék sitt golf með bakklæti og varúð. Miklar framkvæmdir eru hafnar á svæði félagsins sem hafa áhrif á úti-æfingasvæðið og til lengri tíma lítið, 9 holu völlinn okkar. Hinsvegar er tryggt að skipulag golfvallanna mun ekki bíða hnekkis, nema síður sé. Í stað útiæfingasvæðis hefur verið reist 800fm viðbót við inniæfingaádstöðuna, sem gerir hana með þeirri stærstu og tæknivæddustu sinnar tegundar á heimsvísu. Innanhússaðstaðan hefur gert það að verkum að nú iðar allt af lífi í GKG, allt árið um kring, þar sem börn-, unglingar og afrekskyflingar, sem og almennir leika sér og æfa við frábærar aðstaður, allt árið um kring. Enda er viðkvæðið hjá okkur að í GKG sé sumar allt árið.

Í GKG sést þróttmikið starf innan félagsins. Þar hjálpast að almennir félagar og stór hópur sjálfbodaliða í þeirra röðum, hæfileikaríkt íþróttafólk og dugmikið starfsfólk. Fyrir það viljum við þakka.

Áfram GKG!



Golfklúbbur Álftaness

Aðalfundur Golfklúbbs Álftaness var haldinn 3. desember.

Í stjórn klúbbsins foru kosnir: Björn Sveinbjörnsson, formaður

Magnús Árni Sigfússon, gjaldkeri, Sigurður Eggertsson, ritari

Jón Gunnar Valgarðsson, meðstjórnandi, Björn Halldórsson, meðstjórnandi

Sveinbjörn Hrafn Sveinbjörnsson, varamaður, Sigurjón Manfrédsson,

varamaður

Álftanesvöllur var frábær síðastliðið sumar. Völlurinn var opnaður í byrjun maí og var opið inn á sumarflatar fram í nóvember og völlurinn opinn eins og reglur um sóttvarnir leifðu.

Um vorið hófust hefðbundin vorverk við standsetningu vallar og tækja – allt unnið í sjálfbodavinnu. Vaskir sláttumenn sáu um að slá og hirða völlinn og tókst einstaklega vel til þetta sumarið. Í nóvember voru útbúnar vetrarflatar fyrir allra hörðustu kylfingana.

Mikið og gott félagsstarf var um sumarið þar sem fjölmörg golfmót voru haldin og var hápunkturinn Meistaramót GÁ sem haldið var í ágúst. Kvinnanefnd GÁ stóð fyrir æfingum alla mánudaga í sumar og hélt svo skemmtimót í lok sumars.

Golfnámskeið voru haldin í allt sumar með mjög góðri þátttöku barna og unglinga. PGA golfkennari var svo með einkatíma fyrir kylfinga.

Kveðja / Best regards, Björn Sveinbjörnsson



Golfklúbbur Mosfellsbæjar

Golfárið 2020 var viðburðaríkt og gott fyrir Golfklúbb Mosfellsbæjar. Í upphafi árs var undirritaður þríliða samningur milli GM, Mosfellsbæjar og Landsbankans. Þessi samningur hefur gjörbreytt okkar rekstrarumhverfi og nú getum við svo sannarlega horft björtum augum fram veginn. Hagnaður ársins nam rúmum 16 milljónum króna fyrir framlag Mosfellsbæjar. Þetta er viðsnúningur um 97 milljónir króna.

Aðkoma Mosfellsbæjar að rekstri GM hefur verið góð í gegnum tíðina. Þessi stuðningur er klúbbnum virkilega mikilvægur. Sú uppbygging sem hefur átt sér stað á Kletti mun gjörbreyta okkar starfi. Mosfellsbær hefur stutt vel við bakið á okkur í þessari uppbyggingu og þökkum við þeim kærlega fyrir. Með opnun neðri hæðarinnar í okkar glæsilegu íþróttamiðstöð mun allt starf klúbbsins breytast og eflast til muna.

Covid er eitthvað sem allir eru væntanlega orðnir hundleiðir á að heyra, en hafði talsverð áhrif á golfið á þessu ári. Við fengum þó að opna golfvelli í vor og halda þeim opnum lengst af með sérstökum covid golfreglum.



Getum við verið virkilega þakklát fyrir að hafa fengið að stunda okkur frábæru íþrótt nánast án takmarkana á meðan við höfum því miður þurft að horfa upp á aðrar íþróttgreinar með mun meiri takmörkunum.

Vallarsvæðin

Hliðavöllur kom virkilega vel undan vetri og opnuðum við inn á sumarflatar þann 7. maí. Bakkakot var aðeins seinna til, en þar var opnað inn á sumarflatar 16. maí. Ástand okkar valla í sumar var virkilega gott og er það okkar upplifun að félagsmenn hafi verið sáttir með ástand valla. Það er að sjálfsögðu alltaf hægt að gera betur og munum við sem fyrr leggja mikinn metnað í að halda völlum í eins góðu ástandi og kostur er hverju sinni. Við fengum mikið af góðum athugasemdum í viðhorfskonuninni sem við sendum út í byrjun nóvember um hvað mætti gera betur og munum við svona sannarlega taka tillit til þeirra.

Veðurfarið í sumar var bara nokkuð gott og á okkar völlum voru alls spilaðir 48.416 hringir. Það er mikla aukningu í leiknum hringjum á vallarsvæðum GM sem er mjög ánægjulegt.

Íslandsmót 2020

Í sumar var Íslandsmótið í golfi haldið á Hlíðarvelli í fyrsta sinn í sögu klúbbsins. Það mót var líkt og svo margt annað í sumar með breyttu sniði vegna covid. Fengum við undanþágu til þess að halda mótið og er óhætt að segja að okkur hafi tekist virkilega vel til. Hér var spilað frábært golf og fór það svo að sett var mótismet í karlaflokki. Bjarki Pétursson spilaði virkilega vel og stórkostlegt að sjá hann sem og aðra kyflinga sýna sínar allra bestu hliðar á Hlíðarvelli. Guðrún Brá Björgvinsdóttir sigraði í kvennaflokki eftir umspil og spiluðu hún og Ragnhildur Kristinsdóttir frábært golf. Það sem stendur þó upp úr hjá ansi mörgum eftir þetta mót er sú samstaða sem kyflingar sýndu þegar þeir svöruðu kalli okkar eftir sjálfbodaliðum til þess að aðstoða okkur við framkvæmd þessa móts. Hingað komu um 120 sjálfbodaliðar, rúmlega helmingur þeirra úr okkar röðum og það stóðu sig allir alveg stórkostlega svo að eftir var tekið. Færum við ykkur okkar allra bestu þakki fyrir ykkar þátt í að gera þetta mót eins gott og raun bar vitni.

Rekstur klúbbsins

Rekstur klúbbsins gekk vel á árinu og erum við að sjá mikinn viðsnúning í rekstrinum. Hagnaður árisins nam rúmum 16 milljónum króna fyrir framlag Mosfellsbæjar. Er þetta breyting í rétta átt upp á ca 97 milljónir króna. Er það okkar von að rekstur klúbbsins sé núna kominn í gott stand og full ástæða til þess að áætla að svo verði áfram og horfum við því björtum augum fram veginn.

Sumarið 2020 var gott ár í íþróttastarfi GM. Mikill fjöldi barna og unglinga stundaði skipulagðar æfingar hjá klúbbum og einnig var ásókn í sumarnámskeið barna mjög góð.

Grétar Eiríksson var umsjónarmaður golfnámskeiða og þjálfari barna hjá 12 ára og yngri. Grétar sá einnig um æfingar fyrir eldri kyflinga GM. Dagur Ebenezersson sá um aldurs hópin 13-18 ára og Davíð Gunnlaugsson þjáfaði meistaraflokka og afrekskyflinga. Dagur kom einnig að þjálfun afrekskyflinga sem og Grétar sá um líkamlegar æfingar.

Góður árangur náðist í mótum sumarsins hjá okkar bestu kyflingum. María Eir Guðjónsdóttir og Kristófer Karl Karlsson urðu bæði tvöfaldir íslandsmeistarar, í höggleik og holukeppni. María í flokki 15-16 ára stúlkna og Kristófer Karl í flokki 19-21 árs drengja. Í haust kepptu þau síðan bæði fyrir landslið Íslands í Evrópumóti landsliða. Kristófer lék fyrir karlaflokk Íslands en María Eir fyrir landslið stúlkna 18 ára og yngri.

María og Kristófer urðu einnig stigameistarar í sínum aldursflokkum en Kristín Sól Guðmundsdóttir varð einnig stigameistari í flokki 17-18 ára stúlkna.



Gróttu

Aðalfundur Íþróttafélagsins Gróttu var haldinn 4. júní síðastliðið sumar og var hann seinna á ferðinni vegna Covid. Rekstrar- niðurstöður voru viðunandi. Ein breyting varð á aðalstjórn, Fanney Rúnarsdóttir kom inn í stjórnina fyrir Hrein Októ Hreinsson. Bragi Björnsson er áfram formaður og Þróstur Þór Guðmundsson varaformaður, Ragnar Rafnsson gjaldkeri og Kristinn Þorvaldsson meðstjórnandi.

Íþróttarárið 2020 hjá Gróttu liðaðist eins og allt lífið af Covid. Meistaraflokkur

karla í knattspyrnu spilaði í fyrsta skipti í efstu deild sem var spennandi fyrir félagið. Liðið sem var ungt og reynslulítið í efstu deild átti í erfiðleikum strax í byrjun og það endaði þannig að liðið féll úr deildinni, náði í 8 stig úr 18 leikjum en deildinni var hætt þegar nokkrar umferðir voru eftir. Meistaraflokkur kvenna stóð sig með þrýði í fyrsta skipti í næst efstu deild og enduðu þær í 6. sæti með 20 stig sem var mjög viðunandi árangur.

Starf fimleikadeildar, sem er stærsta deild félagsins, gekk vel við erfiðar aðstæður. Þjálfarar og iðkendur hafa þurft að aðlagast sig að breyttum aðstæðum vegna lokana, hólfaskiptinga og fjöldatakmörkana á árinu. Í hléinu sinntu iðkendur heimaæfingum að kappi og eiga hrós skilið fyrir jákvæðni og þrautseigju. Það er áskorun að breyta fimleikabjálfun í fimleikasál yfir á rafrænt form en með samstilltu átaki var reynt að hafa æfingar og áskoranir áhugaverðar og spennandi fyrir alla iðkendur fimleikadeildar.

Karlalið Gróttu í handbolta fór upp í Olís deildina þegar öllu mótahaldi var aflýst í byrjun apríl 2020, liðið var í efstu sætum í næst efstu deild sem dugði til að spila í efstu deild næsta tímabil. Kvinnalið Gróttu lék í Grill-66 deildinni tímabilið og endaði í fjórða sæti þegar mótahaldi var aflýst.

Tinna Brá Magnúsdóttir knattspyrnumkona varð fyrir valinu íþróttakona Gróttu árið 2020 og knattspyrnumaðurinn Hákon Rafn Valdimarsson er íþróttamaður Gróttu. Tinna Brá og Hákon Rafn eru markmenn í meistaraflokkum Gróttu og þrátt fyrir ungan aldur spiluðu þau lykkihlutverk á sínum liðum. Önnur úrslit í kjörinu eru að Anna Sóley Jensdóttir frá fimleikadeildinni er þjálfari ársins, fimleikakonan Freyja Hannesdóttir er íþróttakona æskunnar og handknattleiksmaðurinn Ari Pétur Eiríksson er íþróttamaður æskunnar.



TFK

Árið 2020 var bæði líflegt en einnig óvenjuleg vegna farsóttarinnar fyrir Tennisfélag Kópavogs. Barna- og unglíngastarfið gengur mjög vel og iðkendafjöldi áfram á uppleið. Diana Ivancheva frá Búlgaríu og

Patricia Husakova frá Slóvakíu sem komu nýjar inn á árinu 2019 héldu áfram sínu góða starfi á árinu og einn erlendur þjálfari í viðbót bættist við Mouss Ennajmi frá Marokkó en Mouss hefur þjálfað mikið í Frakklandi. Þau eru öll mjög góðir tennisspilurar og búa einnig yfir gríðarlega mikilli reynslu sem þjálfarar á hæsta stigi. Jón Axel Jónsson og Milan Kosicky frá Slóvakíu eru yfirþjálfarar félagsins og má því segja að félagið sé með mjög marga góða þjálfara í vinnu við að byggja upp starfið. Aðrir þjálfarar eru m.a Hinrik Helgason og Anna Soffía Grönholm og voru þau mjög virk í sumarstarfinu. Rut Steinsen er formaður félagsins. Jónas Páll Björnsson er framkvæmdastjóri félagsins og Tennishallarinnar og gengur reksturinn eftir áætlunum.

Barna - og unglíngastarf og árangur

Vetraræfingar ganga vel og eru í yfirumsjón Jóns Axels Jónssonar, Milan Kosicky, Diana Ivantchevu, Patricíu Husakovu og Mouss Ennajmi. Félagið var einnig með marga aðstoðarkennara og þau eru m.a Anna Soffía Grönholm, Hinrik Helgason, Bryndís Rósa Armesto, o.fl. Góð aðsókn var að

Tennis- og leikjaskólanum síðastliðið sumar eins og hefur verið reyndar síðustu ár. Hinrik Helgason og Jón Axel Jónsson voru með yfirumsjón með Tennis- og leikjaskólann ásamt Milan og Diönu sem voru með yfirumsjón með Tennisakademiuna og stóðu þau sig öll mjög vel. Tennisfélag Kópavogs skipulagði einnig skólatennisskóla í Snælandsskóla, Kópavogsskóla og Snælandsskóla sem er snemma á daginn og hentar vel krökkum sem eru í dægradvöl í skólanum og hafa margir foreldrar verið ánægð með þetta framtak sem er ekta grasrótarstarf og góður vettvangur fyrir krakkana að kynna og taka fyrstu skotin í tennis. Tennisfélag Kópavogs átti marga íslandsmeistarara á síðasti ári eins og síðastliðinn ár. Sofía Sóley Jónasdóttir sigraði í einliðaleik kvenna á Íslandsmóttinu og varð Íslandsmeistari og var hún valin tenniskona ársins. Birkir Gunnarson sigraði í einliðaleik karla á Íslandsmóttinu og varð einnig Íslandsmeistari karla. Vegna Covid faraldurins féllu niður æfinga- og keppnisferðir á árinu.

Evrópumót

Tennisfélag Kópavogs hefur síðastliðinn ár haldið þrjú til fjögur Evrópumót á ári í samvinnu við Tennissambandið, TennisEurope og Tennishöllina en þau féllu niður á þessu ári vegna Covid faraldursins.

Landsliðsmenn

Þrjár tenniskonur úr TFK kepptu með landsliðinu á heimsmeistaramóti kvenna í liðakeppni á ári 2019. Þær Anna Soffía Grönholm, Selma Dagmar Óskarsdóttir og Íris Staub kepptu á Fed Cup (heimsmeistaramóttinu) í Helsinki, Finnlandi. Birkir Gunnarsson keppti með karlalandsliðinu í Davis Cup (heimsmeistaramóttinu) í Búlgaríu. Á árinu 2020 féllu þessi mót niður en vonir standa til að þau verði haldin á árinu 2021.

Fullorðinsstarf

Mikil áhugi er einnig á tennisskólaþingum fyrir fullorðna og eru t.d margir sem koma á byrjendanámskeiði í tennis á sumrin. Í Tennishöllinni eru líka skipulagðir opnir tímar bæði kvennatímar og karlatímar og aðrir opnir tímar þar sem allir geta komið og kynnst öðrum spilurum á svipuðu reki og hafa þessir tímar verið vinsælir.

Mótahald

Tennisfélag Kópavogs hefur ásamt Tennishöllinni staðið að flestum Stór-mótum TSÍ á veturna en að þessu sinni var einungis haldið eitt mót. Diana Ivancheva stóð fyrir nýjum mótum til heiðurs Wimbledon og US Open og heppnuðust þau mjög vel og eru skemmtileg nýjung í starfið og verða örugglega haldin áfram. Jón Axel Jónsson og Milan Kosický héldu hið vinsæla Rússamót sem Yousef Sheik fyrrum þjálfari félagsins og Jónas Páll Björnsson fóru af stað með árið 2008. Mótið gekk mjög vel þetta árið og var metþátttaka og almenn ánægja með viðburðinn.

Stækkun Tennishallarinnar

Hjá Tennisfélagi Kópavogs er verið að vinna mjög öflugt barna- og unglingastarf og til að ná þeim árangri sem metnaðurinn stendur til var nauðsynlegt að tennishöllunum í Tennishöllinni fjölgaði. Stækkunin gekk loksins í gegn og opnuðu vellirir í apríl 2019 og hefur félagið nú aðgang að fimm innivöllum sem er gríðarlega öflugt fyrir starfseminu og gerir félaginu kleift að bæta þjálfun úrvalshópa til muna.

Allir eru velkomir. Uppl. á www.tfk.is eða í síma 564 4030.



HK

Aðalfundur félagsins fór fram 3. júní 2020.

Stjórn HK: Sigurjón Sigurðsson formaður

Ragneiður Kolviðsdóttir varaformaður

Einar Tómasson ritari

Unnar Hermannsson gjaldkeri

Hólmfríður Kristjánsdóttir umboðsmaður yngri félaga

og aðstandenda

Alexander Arnarsson varamaður í stjórn

Ásdís Kristjánsdóttir varamaður í stjórn

Helstu viðburðir á árinu 2020. Félagið hélt stór mót í Kórnum á árinu, þ.a.m. Auðar kvennamót fyrir yngri flokka í knattspyrnu, Krónumót fyrir 5. - 8. flokk karla og kvenna í knattspyrnu og Ákamótið í handbolta fyrir 7. flokk karla og kvenna. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu hélt sæti sínu í efstu deild eftir að hafa endað í 9. sæti í Pepsi Max deildinni. Þetta er annað árið í röð sem félagið spilar í efstu deild. Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu spilaði sitt fyrsta tímabil eftir að samstarfi við Víking í meistaraflokki kvenna lauk. Stelpurnur fóru upp í 2. deildinni og spila í Lengjudeildinni að ári. Meistaraflokkur karla í handbolta féll úr efstu deild á árinu. Meistaraflokkur kvenna í handbolta endaði í 4. sæti þegar keppni var hætt í mars í Olisdeildinni. Sigríður Hauksdóttir fyrirliði HK var fastamaður í landsliðshóp kvenna í þeim verkefnum sem voru hjá liðinu á árinu. Meistaraflokkur karla í blaki endaði í 2. sæti og meistaraflokkur kvenna í blaki endaði 4. sæti þegar deildarkeppni var hætt vegna Covid-19. HK-ingarnar Sara Ósk Stefánsdóttir og Matthildur Einarsdóttir unnu stigakeppni strandblaksmótaraðarinnar á árinu í kvennaflokki. Dansparið Gylfi Már Hrafnsson og María Tinna Hauksdóttir stóð sig frábærlega á árinu. Þau unnu 6 titla og hefðu þeir orðið fleiri ef meirahluti móta ársins hefðu ekki verið blásin af vegna COVID-19. Þau voru einnig kjörin íþróttamaður og íþróttakona HK árið 2020 við lágstemmda athöfn í Kórnum í lok árs að sökum samkomutakmarkana. Bandydeild HK fékk sænskt stórið til landsins í nóvember til æfingarbuða og kepptu þeir við meistaraflokk félagsins. Það var dýrmæt reynsla fyrir alla deildina. HK – B urðu íslandsmeistarar í borðtennis í 2. deild karla á árinu.



Hestamannafélagið Hörður

Hörður www.hordur.is

Hestamannafélagið Hörður, Varmárbökkum

Mosfellsbæ var stofnað: 26. febrúar 1950

Formaður: Margrét Dögg Halldórsdóttir.

Fjöldi félagsmanna: 650

Framkvæmdastjóri Rúnar Sigurpálsson.

Árið var mjög sérstakt vegna farsóttarinnar. Loka þurfti reiðhöll félagsins hluta úr árinu og útleiga á Harðarbóli lagðist af. Tekjur félagsins drögust verulega saman og 1,4 milljóna króna tap varð á rekstri félagsins 2020.

Félagið keypti lítinn traktor til afnota í reiðhöllinni og eins nýttist hann í ýmis önnur verkefni. Búið er að panta sand- og saltdreifara fyrir traktorinn, en með honum getur félagið sjálft séð um að sand- og saltdreifa í hverfinu.

Nýtt deiliskipulag var samþykkt fyrir svæðið, sett verða upp fleiri hringgerði og nýjum lóðum verður úthlutað austast í hverfinu. Í 1. áfanga verður úthlutað 3 hesthúsalengjum. Það er verið að skipuleggja Ævintýragarðinn í samvinnu við hestamannafélagið og er gert ráð fyrir sérstakri braut fyrir okkur hestamenn.

Félagshesthús – nýliðun. Það er sívaxandi þörf fyrir félagshesthús. Börn, unglingar og aðrir nýliðar eiga undir högg að sækja með að prófa sig áfram í hestamennsku ef þau hafa enga aðstöðu. Stjórnin lagði fram áætlanir og kynnti vel fyrir bæjarstjóra og bæjarfulltrúumog eftir allmarga kynningarfundir, tók bæjarráð þá ákvörðun að fela hestamannafélaginu að útfæra leigu á 5 – 6 básum.

Helstu framkvæmdir félagsins voru:

Harðarból. Nýtt og vandað hljóðkerfi sett í salinn. Nýr þakkantur var settur á eldri hluta hússins, ásamt lýsingu. Gamla stéttin var fjarlægð og búið er að steypa nýja stétt með snjóbræðslu. Lítil hluti bílastæðisins var malbikaður og sett snjóbræðsla, en þar verður merkt bílastæði fyrir fatlaða næst aðaldrym hússins.

Reiðhöllin. Settir voru speglar á battana og battarnir hvíttáðir. Skipt var út allri lýsingu og settir upp Led lampar. Gólfíð var jafnað og sett furuflís á gólfíð. Nýtt vökvunarkerfi var sett í höllina og hefur það reynst vel. Hljóðkerfið var endurstíllt og 6 nýjum hátölurum bætt við í loft hallarinnar.

Reiðleiðir. Okkar aðal reiðleiðir voru lagfærðar og næsta sumar verður haldið áfram og að lokum sett vandaðri mól sem yfirborðsefni. Leiðin í kringum tjörnina við Leirvogsa var lagfærð og sett ræsi. Byrjað er á lagfæringu á Ístakshringnum, en verið er að vinna með Mosfellsbæ með þá hugmynd að færa reiðleiðina meðfram Ístakspaninu lengra í norður og losna þannig við vatnsginn frá planinu. Skeiðvöllurinn var heflaður og saltborinn.

Framkvæmdaáætlun til næstu 5 ára var uppfærð og send Mosfellsbæ. Með slíkri áætlun er reynt að horfa heildstætt á svæðið og nauðsynlegar framkvæmdir, en áætlanir Mosfellsbæjar gera ráð fyrir mikilli fjölgun bæjarbúa og edlilegt að gera ráð fyrir að sú fjölgun íbúa, kalli á aukna starfsemi íþróttafélaganna og þ.m.t. hestamannafélagsins. Umhverfisnefndin sá um að skipuleggja hreinsunardaginn og gekk hann vel. Hann var haldinn á

sumardaginn fyrsta. Félagsmenn voru virkir í að hreinsa til í hverfinu og ánægjulegt að sjá hvað margar hendur vinna létt verk. Eftir hreinsunina var boðið í grill í reiðhöllinni.

Nefndirnar hafa lagt mikla vinnu af mörkum og staðið sig afburða vel. Eiga nefndarmenn þakkir skildar fyrir alla þá vinnu sem þeir hafa lagt á sig fyrir félagið. Án sjálfboðaliðastarfsins væri félagið ekki til. Einnig vill stjórnin þakka Mosfellsbæ fyrir öflugan stuðning við félagið. Framundan eru mörg og flest nauðsynleg verkefni fyrir félagið og má þar nefna öðru fremur að koma upp félagshúsi og þá er sérstaklega horft til nýliðunar í hestamennsku. Önnur hestamannafélög víða um land hafa komið sér upp slíku húsi og hefur það gengið vel og bætt nýliðun. Það er erfitt fyrir börn og unglunga að byrja í hestamennsku ef þau eiga ekki ættingja eða fjölskylduvini til þess að hýsa hestinn og að hjálpa þeim af stað í hestaþróttinni.

Hestamannafélagið varð 70 ára 26. febrúar og til stóð að bjóða til afmælisveislu, en af því varð ekki vegna farsóttarinnar.



Hnefaleikafélag Kópavogs

Stjórn Hnefaleikafélag Kópavogs skipa:

Rúnar Svavarsson formaður, Jafet Örn Þorsteinsson varaformaður, stjórnarnemi Einar Tryggvi Ingimundarsson og Kjartan Valur Guðmundsson.

Barna og ungmennastarf félagsins hefur verið í mikilli sókn og bættumst við tvær deildir á árinu.

Lítið var af mótum á vegum félagsins vegna áhrifa Covid-19. Eitt mót fór fram þann 29 febrúar með keppendum frá vinaklúbbum félagsins frá Englandi Romford ABC og Finchley & district amateur boxing club. Mótið heppnaðist gríðarlega vel þrátt fyrir örðuleika í byrjun en mótið átti að fara fram þann 15 febrúar en sökum veðurs gátu Englandingarnir ekki flogið til Íslands og var því mótinu frestað til 29 febrúar. Það bar hæðst á árinu að Emin Kadri Eminsson vann sér inn þátttökurétt á Evrópumeistaramóti 2020 en því miður missti hann af tækifærinu að sökum Covid-19. Emin var valin Hnefaleikamaður ársins 2020 en það var þriðja árið í röð sem hann hlýtur þessa viðurkenningu. Árið í heild var mjög lærdómsríkt fyrir félagið, erfiðar aðstæður komu upp vegna Covid-19 sem félagið tókst við á góðan hátt, uppi stendur sterkari og samheldnari stjórn sem líta björtum augum til framtíðar



Ísbjörninn

Stjórn félagsins:

Formaður: Hafþór Karlsson

Varaformaður og framkvæmdarstjóri: Denis Grbic

Gjaldkeri og ritari: Sigurður Rúnar Birgisson

Fjölmíðlafulltrúi: Gunnlaugur Óskar Geirsson

Yfirþjálfari: Jón Stefán Björnsson

Aðalfundur Ísbjarnarinnar var haldinn á laugardegi 8. febrúar 2020. Á honum voru rædd hefðbunin mál, ásamt því að kjósa í stjórn. Engar breytingar urðu á stjórn félagsins, fyrir utan það að liðið réð til sín nýjan þjálfra fyrir komandi tímabil, og heitir hann Jón Stefán Björnsson.

Árshátið liðsins var því miður ekki haldin í á sökum ástands í samfélaginu, en þar í staðinn var haldin rafrænn fundur í lok september með öllum leikmönnum liðsins og þar voru menn verðlaunaðir fyrir góða frammistöðu á árinu.

Ísbjörninn tók þátt í eftirtöldum mótum á árinu 2020: Bikarkeppni KSÍ, Íslandsmót í knattspyrnu í 4.deild karla.

Ísbjörninn náði sínum besta árangri frá upphafi í sumar og endaði í 3. sæti í sínum riðli einugis einu stigi frá sæti í úrslitakeppni í 4. Deild.

Ísbjörninn náði samtals 30 stigum í 14 leikjum í sumar og tapaði einugis tveim leikjum og endaði með markatölu 33:16

Þetta vara mjög erfit en lærdómsríkt ár fyrir okkur í Ísbirninum, sem átti eftir að versna enn frekar rétt eftir jólfégar við misstum fyriliðan okkar hann Þorlák Inga Sigmarsson einungis 22 árs aldri en hann glímdi við mjög erfið veikindi.

Andlát fyriliðans okkar kenndi okkur á það hversu mikilvægt það er að passa vel uppá hvort annan og hversu mikilvægt það er að allir standi saman í gegnum sæt og súrt, það má segja að þessi hörmulegi atburður náði að þjappa okkur en betur saman sem lið og munum við mæta en sterkari til leiks á næsta tímabil.

Kveðja,
Knattspyrnufélagið Ísbjörninn



Íþróttafélag aldraðra í Kópavogi

Á síðasta ári, 2020, hætti leikfimin 3. maí og byrjaði 10. september en hætti eftir 1. október. Ekki er vitað til að nokkur félagi hafi fengið pestina.

Aðalfundur féll út. Þjálfari okkar er enn Fannar Karvel Steindórsson. Hörður Þorleifsson er formaður og einn af þremur eigendum félagsins. Það var heimtað í apríl sl. að segja hver væri eigandi. Þetta kom frá Fyrirtækjaskrá og Skattinum. Enginn hafði verið eigandi félagsins frá upphafi. Við fengum ekki neina kröfu um greiðslur. Við fáum ekki einu sinni eina einustu krónu greidda vegna starfsins. Þessi krafa um eiganda munu hafa komið eftir að samþykkt voru lög frá Evrópusambandinu sem voru samþykkt 27. júní 2019 og heita N82.

Þessi lög tóku gildi 6. júlí 2019. Önnur grein laga um skráningu raunverulegra eigenda segir að lög þessi gildi um lögaðila sem stunda atvinnurekstur hér á landi. Í vafatilvikun sker Ríkisskattstjóri úr um það hvort aðili eða flokkur aðila heyrir undir lög þessi. Hörður Þorleifsson formaður.



Knattspyrnufélag Bjarnastaða

Formaður – Stefán Arinbjarnarson

Framkvæmdarstjóri – Örn Ottosen Arnarsson

Meðstjórnendur – Kristján Lýðsson

og Magnús Valur Böðvarsson

Knattspyrnufélag Bjarnastaða var stofnað 1. janúar 2020 þar sem Álfntesingar úr Garðabæ hugðust stofna knattspyrnulið í Garðabæ fyrir Garðabæinga sem ýmist eru komnir á síðari ár á ferlinum eða eru ungir leikmenn sem eru að stíga sín fyrstu skref í meistaraflokki. Tímabilið var gríðarlega lærdómsríkt og skemmtilegt þar sem Knattspyrnufélag Bjarnastaða, eða KFB, voru með sóknarleik í fyrirrúmi og spiluðu skemmtilegan fótbolta. Við tók ferðalag norður á Akureyri sem og annað stutt út á land eins og t.d. Borgarnes og Hveragerði. Greinilegt er að mikið er af frambærilegum knattspyrnumönnum í Garðabænum sem tóku miklum framförum á stuttum tíma og urðu úrslit á tímabilinu alltaf betri með hverjum leiknum.

Samstarf er á milli KFB og Álfntanes þar sem mikið er unnið saman við þróun leikmanna. Eftir tímabilið fóru nokkrir strákar í lið Álfntanes þar eftir að hafa stigið sín fyrstu skref í meistaraflokki hjá KFB. Það sem er mest tekið úr tímabilinu hjá KFB er að samstaða sem skapaðist hjá KFB var gríðarleg þar sem breiður aldurs hópur kom saman sem bjó til skemmtilegar og eftir-



minnilegar minningar frá sumrinu 2020 sem verður skemmtilegt að byggja ofan á undir leiðsögn nýs þjálfarateymis. Ari Leifur Jóhannsson verður aðalþjálfari og aðstoðarþjálfari hans verður Bragi Þór Kristinsson. Lokahólf KFB var haldið fjötlega eftir lok tímabilsins 2020 þar sem veitt voru verðlaun fyrir leikmann ársins, markahæsti leikmaður ársins og svo veitt verðlaun sem voru nefnd Bjarnastaðabeljan og eru þau veitt fyrir dugnað, vinnu í hag KFB.

Leikmaður ársins 2020 – Ísak Óli Ólafsson
Markahæsti leikmaður KFB árið 2020 – Bragi Þór Kristinsson
Bjarnastaðabeljan 2020 – Aron Björn Heiðberg Steindórsson.



Motomos

Þann 13. maí 2020 var kosin ný stjórn MotoMos á aðalfundi félagsins. Nefndina skipa: Jóhann Arnór Elíasson (formaður) Egill Sverrir Egilsson (meðstjórnandi) Leon Pétursson (meðstjórnandi) Örn Andrésón (meðstjórnandi) Pétur Ómar Þorsteinsson (meðstjórnandi) Varamenn stjórnar eru: Egill Egilsson Einar Sverrir Sigurðsson

Sumarið gekk vel en var ekki án erfiðleika, það þurfti að laga mikið í húsi félagsins, svæði félagsins og brautinni sjálfri. Helsta vandamálið sem áttum við að stríða var að neðri hluti brautarinnar flæddi auðveldlega við mikla úrkomu. Þetta var lagað með því að koma upp dreni fyrir neðan klúbbhúsið og var það gert með mikilli hjálp sjálfboðaliða ásamt hjálp verktaka. Tækjum og tólum félagsins, þá helst vökvunarkerfinu, var komið í lag og mikið var unnið í sumar við að halda brautinni flottri og rakri til þess að auka aðsókn og öryggi ökumanna.

MotoMos hélt fyrstu umferðina í íslandsmeistaramótariðinni í Mótorkrossi



þann 27. júní eftir að hafa ekki haldið keppni síðan árið 2017. Samtals voru 59 ökumenn skráðir í öllum flokkum og keppnin gekk mjög vel.

Í sumar voru haldin námskeið fyrir börn og unglinga á vegum MotoMos. Þjálfari námskeiðanna var Óliver Örn Sverrisson, viðurkenndur þjálfari á vegum MSÍ sem á mörg ár að baki í íþróttinni. Námskeiðin gengu einstaklega vel og fékk Óliver hrós fyrir góða kennslu sem og MotoMos fyrir flott æfingarumhverfi.

Mikil tilhlökkun er hjá stjórninni fyrir næsta sumri til þess að geta haldið áfram með gott starf.



Taikwondofélag Kópavogs

Árið 2020 var öðruvísi en önnur, hjá okkur eins og flestum öðrum. Fjöldi iðkenda fór hægt og rólega niður, öll mót lögðust af um miðjan mars sem og allar æfingabúðir og aðrir viðburðir.

Þrátt fyrir þetta héldum við úti æfingum, bæði staðbundnum og á netinu, eftir því hvernig reglur hljóðuðu hverju sinni. Í júní tókst á ótrúlegan hátt

að koma fyrir frábærri heimsókn frá frænum okkar í Færeyjum. Landslið þeirra kom til okkar í heimsókn, tók marga æfingabardaga við okkar fólk, við æfðum saman, þau fóru í skoðunarferðir og allir skemmtu sér vel. Daginn eftir að þau fóru heim var ákveðið að við myndum heimsækja þau líka en þá lokaðist allt aftur og svo fór sem fór.

Haustið gekk svo betur en á horfðist, færri iðkendur en þeir sem mættu til leiks voru allir mun ákveðnari og æfðu mun meira en áður. Það er eins og sagt er, enginn veit hvað átt hefur, fyrr en misst hefur.

Við horfum vongóð til ársins 2021 með bjartari tíð og blóm í haga.



Golfklúbbur NESS

Aðalfundur Golfklúbbs Ness - Nesklúbbsins er lögum samkvæmt öllu jafna haldinn í nóvember ár hvert. Vegna aðstæðna var honum slegið á frest tímabundið og verður haldn núna á vormánuðum. Skýrsla stjórnar og reikningar voru engu að síður lagðir fram á heimasíðu klúbbsins félagsmönnum til upplýsinga.

Engin breyting hefur þ.a.l. orðið á stjórn klúbbsins frá fyrra ári og sitja því enn í stjórn þau:

Formaður: Kristinn Ólafsson, Árni Vilhjálmsson.

Áslaug Einarsdóttir, Guðrún Valdinarsdóttir.

Jóhann Karl Þórisson, Stefán Örn Stefánsson.

Þorsteinn Guðjónsson

Framkvæmdastjóri er Haukur Óskarsson

Heimsfaraldurinn setti svo sannarlega mark sitt á golfíþróttina og verður tímabilsins 2020 án efa fyrst og fremst minnst vegna Covid, en þó vonandi í hugum flestra félagsmanna einnig fyrir gott golfsumar. Heilt yfir segja að flest gengið vel og félagsmenn og aðrir kylfingar og gestir gátu notið Nesvallarins í frábæru ástandi lengst af sem og alls þess umhverfis sem Nesið hefur upp á að bjóða.

Í fyrsta skipti í sögu klúbbsins voru teknar upp rástímaskráningar, þ.e. að fólk þurfi að bóka sig fyrirfram í stað þess að mæta þegar því hentar. Eðlilega mæltist þetta misvel fyrir hjá félagsmönnum til að byrja með enda klúbburinn þekktur m.a. fyrir boltarennuna góðu sem verið hefur frá upphafi.

Mótahald var með hefðbundnum hætti eins og undanfarin ár og þó vissulega hafi þurft að fresta mótum reglulega vegna fjöldatakmárkana, lokana

og jafnvel veðurs, að þá náðist að klára flest á endanum. Haldin voru á þriðja tug golfmóta og annarra viðburða, þar af fjögur opin mót. Kvinnastarfr klúbbsins nýtur gríðarlegar vinsældar og komast öllu jafna færri konur að en vilja í þá viðburði sem haldnir eru af kvennafnd. Eins og undanfarnir ár var unglingsstarf á höndum Nökkva Gunnarssonar golfkennara ásamt þeim Steini Baugi Gunnarssonar og Matthildar Maríu Rafnsdóttur.

Inniaðstaða Nesklúbbsins er staðsett á Eiðistorgi og yfir vetrarmánuðina færast starfsemin þangað að mestu fyrir golfkennslu og allar almennar æfingar félagsmanna ásamt golfhermum til útleigu. Segja má að aðstaðan sé nú nú nánast sprungin enda afar erfitt að komast að þar sem allt er bókað frá morgni til kvölds alla daga.

Meistaramót klúbbsins var haldið dagana 27. júní – 4. júlí og var meðþátttaka í mótinu og þar sem 218 félagsmenn skráðu sig til leiks í fjórtán flokkum, ýmist tengt forgjöf eða aldri. Klúbbmeistari kvenna 2020 er Jóhanna Lea Lúðvíksdóttir sem nú sigraði í fyrsta sinn og klúbbmeistari karla er Ólafur Björn Loftsson sem með sigrinum jafnaði met yfir flesta sigra sem Klúbbmeistari Nesklúbbsins er hann sigraði í 13. skipti.

Einvígið á Nesinu, „shoot-out“ góðgerðarmótið var að venju haldið á frídegi verslunarmanna og var mótið haldið með breyttu sniði þar sem engir áhorfendur voru heimlaðir. Mótið sem nú var haldið í tuttugasta og fjórða skipti var sem fyrr styrktarmót þar sem tíu af bestu kylfingum landsins er boðin þátttaka og spiluðu í ár í þágu Covid deildar Landspítala Íslands. Mótið var þó eins og áður áður tekið upp og síðar sjónvarpað á sjónvarpsstöð Símanis.

Félagar í Golfklúbbi Ness eru núna 800 talsins og er biðlisti í klúbbinn sem á eru nú að nálgast 600 manns



Golfklúbburinn Oddur

Aðalfundur Golfklúbbsins Odds var haldinn 3. desember 2020. Í stjórn Odds starfsárið 2019-2020 sátu Kári H. Sölmundarson formaður, Halla Hallgrímsdóttir varaformaður, Berglind Rut Hilmarsdóttir ritari, Halla Hallgrímsdóttir gjaldkeri, Auðunn Örn Gylfason meðstjórnandi, Ægir Vopni Ármannsson meðstjórnandi og Jón S. Garðarsson varamaður.

Segja má að aðstæður ársins hafi skapað óvenju góða golfvertið þetta árið þó útlitið hafi ekki verið bjart á vormánuðum. Mikil fjölgun var í okkar starfi og mikið af nýjum kylfingum leit dagsins ljós og prófaði sig áfram í golfþróttinni sem var verulega ánægjuleg þróun og við upplifðum í raun verulega gott golfsumar.

Við stöndum vel hvað varðar sumaradstöðu hjá Golfklúbbum Oddi. Urriðavöllur er einn glæsilegasti völlur landsins og við búum svo vel að geta boðið upp á einn besta æfingavöll landsins Ljúfling sem er frábær völlur til að taka sín fyrstu skref í golfþróttinni og þar höfum við fundið fyrir aukningu í spili og fullri hliðarfélagsaðild að okkar golfklúbbi.

Það verður þó að minnast á það meðan ekki verður breyting á að við stönd-



um frammi fyrir vandamálum hvað varðar heilsársaðstöðu. Í samanburði við okkar helstu nágranna var endanlega stimplað betur inn sá aðstöðumunur sem við upplifum þegar opnuð var gífurlega glæsileg stækkun á annars góðri aðstöðu nágranna okkar. Segja má að við finnum meira og meira fyrir því á hverju ári hversu mikilvægt það er fyrir okkur í GO að ná fram markmiðum okkar í uppbyggingu á eigin heilsársaðstöðu sem krafa er eiginlega orðin um í okkar umhverfi og sjá má þá þróun í golfklúbbum víða um landið. Við munum því þurfa að herja betur á okkar bæjarfélag og landeiganda til að leita leiða til að ná okkar markmiðum fram og við erum vongóð um að það verði niðurstaðan í komandi framtíð.

Eins og staðan var hjá okkur á liðnu ári markaðist starfið nokkuð af þeim hömlum sem samkomubönn ársins mörkuðu í líf allra og því mátti vel finna fyrir góðum anda þegar aukði svigrúm myndaðist til að geta boðið upp á einhverjar samkomur.

Lítið var um viðburði fyrri hluta sumars en í raun náum við að hafa nokkuð hefðbundið form á okkar helstu viðburðum sem aðlagðir voru aðstæðum. Meistaramótið var á sínum stað og við kláruðum árið með frábærri þátttöku í okkar sívinsælu Bændaglímu þar sem við slógum þátttökumet enn eitt árið þar sem blautir en glaðir keppendur örkuðu um svæðið og nutu veitinga á velli þar sem skáliinn var lokaður og stemmingin var frábær. Það sannaðist að það skiptir ekki máli þó að form og hefðir þurfi að vikja fyrir breyttum aðstæðum að þau forréttindi að hafa í okkar röðum skemmtilega félagsmenn og góðan anda gerir allar aðstæður eftirminnilegar og árið í ár verður lengi í minnum haft.

Við tökum fagnandi á móti nýju ári og nýjum áskorunum og ætlum að láta golfárið 2021 vera einstaklega gott og gæfufíkt á allan hátt.



Skotíþróttafélag Kópavogs

Starf Skotíþróttafélags Kópavogs var sérkennilegt á árinu 2020, enda hafði pestarfaraldurinn áhrif á félagið og starf þess. Afar fá mót fóru fram en þó náðu SFK liðar að skipa sér í þrjú efstu sæti RIG í loftbyssuskotfimi ásamt því að vera í fyrstu sætum í nokkrum þeirra fáu móta sem fóru fram.

Ungliðastarfr félagsins var þó í blóma, ekki síst fyrir rausnarlegt lán UMSK á laser-rifflum sem hafa nýst vel. Ungliðæfingar eru haldnar einu sinni í viku. Þar læra börn og ungmenni grunnatriði í skotfimi. Á æfingunum er notast við laser riffla og skammbyssur, en SFK hefur fest kaup á nýjum laser rifflum og skammbyssum til að geta kennt þeim yngstu tókin í öruggu umhverfi. Húsnæði félagsins er komið til ára sinna og meðal annars hefur stjórn þess lagt áherslu á endurnýjun loftræstingar, en skotfimi fylgja ýmskonar þungmálmar sem mikilvægt er að sía úr útöndunarlofti. Þær frábæru fréttir hafa nú borist að Kópavogsbær hefur ákveðið að ráðast í endurbætur á húsnæðinu fyrir allt að 100 milljónir.kr. Þetta er ekki síst vegna þess starfs sem fyrri stjórnir hafa unnið og það frábæra afreksstarf sem hefur skilað fjölmörgum íslandsmeisturum í skotfimi og sterku ungliðastarfi. Stjórn SFK er afar þakklát fyrir það mikla traust sem forysta Kópavogsbæjar synir félaginu.



Stál-úlfur

Aðalfundi félagsins sem halda átti um miðjan apríl var frestað vegna COVID-19. En hann fór fram sunnudaginn 28. júní 2020 í Hafnarfirði.

Stjórn félagsins: Algirdas Slapikas formaður, Erikas Milleris varaformaður, Vytautas Lipskas - gjaldkeri, Mindaugas Andrijauskas ritari, Romualdas Gecas, Antanas Mazonas og Deividas Valatkevicius.

Á vegum félagsins 2020 keppti körfuboltalið í meistaraflokki karla. Einnig sendi Stál-úlfur lið til keppni í 40+ aldursflokk fimm ára í röð. Keppnistímabilið 2020 var ellefta starfsár Stál-úlfs. Körfuboltalið Stál-úlfs tók þátt í 2. deild karla í vor, náði að spila nítján leiki af tuttugu og tveimur þegar Íslandsmótinu var aflýst vegna kórónuveirufaraldursins um miðjan mars. Æfingar liðsins fóru fram í Kársnesskóla þrisvar í viku, en heimaleikir voru spilaðir í Fagralundi.



Eldri flokkur Stál-úlfs tók þátt á Íslandsmóti 40+ deildarinnar, náði að spila sex leiki og voru á toppnum ásamt Val þegar Íslandsmótinu var aflýst í byrjun október vegna kórónuveirufaraldursins.

Í byrjun október kynntu Stál-úlfarnir til leiks klappstýrulið sitt, sem sýndi frumraun sína í dansi á fyrsta deildarleik Stál-úlfs þann 2. október síðastliðinn og stóðu þær sig frábærlega.

Starfsemi félagsins hefur öll verið unnin í sjálfbóðaliðastarfi.

Fjöldi iðkenda var svipaður í knattspyrnu, en fjölgaði örlítið í körfuknattleik. Iðkendur í knattspyrnu voru skráðir 69 og 71 í körfu. Samtals eru 140 iðkendur. Aðrir félagsmenn eru 6 samtals.



Sprettur

Starfsemi hjá Hmf. Spretti gekk ágætlega á sl. ári miðað við ástandið í þjóðfélaginu. Vissulega varð að sleppa og fresta mörgum viðburðum og mótum sem var búið að skipuleggja og stefna að.

Haldnir voru 3 vetrarleikar, þriggismót, Íþróttamótið okkar var á sínum stað sem og Gæðingamót Sprettis. Einnig héldum við stórt síðsumarsmót í ágúst og síðan var Metamótið okkar á sínum stað fyrstu helgina í september.

Við Sprettarar erum heppnir með fjölda sjálfbóðaliða sem eru ávallt tilbúnir að leggja félaginu krafta sína og nefndarstarf okkar öflugt.

Félagsmenn okkar eru í dag tæplega 1700 og þar með fjölmennasta hestamannafélag landsins.

Stjórn Sprettis hefur mikinn metnað fyrir öflugu fræðslu og æskulýðsstarfi. Stefnum ávallt að gert sem mest og best í þeim málum.

Sú breyting varð að landsmótið LM2020 sem átti að halda í ár var frestað.

Við samþykktum að það mót færi til 2022 en það var áætlað hjá okkur þá en okkar mót yrði 2024.

Við lögðum mikla vinnu á svæðið okkar sl. ár og stefnum á að gera betur þetta ár.



UMF Stjarnan

Á aðalfundi UMF Stjörnunnar þann X. maí 2020 urðu breytingar á aðalstjórn félagsins. Sigurður Bjarnason lét af formennsku aðalstjórnar eftir að hafa stýrt félaginu í 5 ár. Einnig höfðu Ásta Kristjánsdóttir, Kristján B. Thorlacius og Sigríður Dís Guðjónsdóttir sagt sig úr stjórn fyrir aðalfund félagsins. Stjórn félagsins var því að mestu skipuð nýjum aðilum en Sigurgeir Guðlaugsson tók við formennskunni af Sigurði. Aðrir nýir stjórnarmenn voru, Heiðrún Jónsdóttir, varaformaður, Ingvar H. Ragnarsson, yfirmaður var málasviðs, Brynja Baldursdóttir, meðstjórnandi, Erling Ásgeirsson, varamaður. Gunnar Berg Viktorsson var kosinn sem varamaður og Þórdís B. Sigurbjörnsdóttir sat áfram í stjórn en hennar sæti var ekki í kjöri að þessu sinni. Félagið sendir þakkir til fyrrum stjórnarmanna fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Á árinu 2020 hafa rúmlega 5000 virkir iðkendur og yfir 400 þjálfarar tekið þátt í starfi félagsins, að ógleymdum þeim fjölda sjálfbóðaliða sem sitja í stjórnnum og/eða ráðum félagsins. Starfandi eru sjö deildir, fimleika-, handbolta-, körfubolta-, fótbolta-, kraftlyftinga-, sund og almennings-íþróttadeild. Covid setti miklar hömlur á starfsemi félagsins á árinu. Rétt áður en félaginu gert að stöðva alla starfsemi sína vegna þess vágests sem herjaði á landið og heimsbyggðina alla, náði meistaraflokkur karla í körfubolta ásamt meistaraflokki kvenna í hópfimleikum að tryggja sér Bikarmeistaratið fyrir árið 2020. En þann 16. mars var öllu skellt í lás hjá Stjörninni líkt og öðrum íþróttafélögum og fordæmalausar aðstæður kölluðu á lausnarmiðaðan hugsunarhátt. Var framkvæmd æfinga fært í form heimaæfinga þar sem stuðst var við ýmskonar lausnir líkt og æfingar í gegnum Zoom fundarbúnaðarkerfi, Sideline og Sportabler. Fella þurfti niður Íslandsmót hjá meistaraflokkum í vetrargreinum sem setti sérstakan og dapran brag á endapunkt keppnistímabilið fyrir íþróttamenn þeirra greina sem höfðu keppt að einu markmiði allan veturinn. Eins þurfti að fella niður allt viðburðahald hjá félaginu á vormánuðum og má þar einna helst nefna TM mót Stjörnunnar í knattspyrnu, Stjórnustríðsmót körfuknattleiksdeildar sem samtals hafa tekið á móti hátt í 5.000 keppendum ár hvert og verið stór liður í starfsemi barna- og unglíngastarfs félagsins.

UMF Stjarnan átti 60 ára afmæli á árinu og var í tilefni afmælisins gefin út saga félagsins í fyrsta sinn. Um veglegt rit er að ræða skrifað af Steinari J. Lúðvíksson en ritið fékk nafnið Skíni Stjarnan. Þar fer höfundur ýtarlega yfir sögu félagsins frá upphafi til dagsins í dag. Því miður setti Covid strík í reikninginn varðandi hátíðarhöld í tengslum við afmæli félagsins, var því horft til að gera daginn eftirminnilegan á samfélagsmiðlum í staðinn, með þátttöku Stjórnufólks sem deildu skemmtilegum minningum sínum úr starfi félagsins.



Varla er heimili í Garðabæ þar sem ekki er að finna einhverskonar tengingu við Stjörnuna, hvort sem hún er í formi iðkenda, sjálfbóðaliða, styrktaraðila, velunnara eða starfsmanna. Það var því einstaklega ánægjulegt að með hækkingu sál í maí gat starf félagsins hafist á nýjan leik. Það var einstaklega ánægjulegt að sjá íþróttasvæði félagsins iða af lífi aftur.

Við í Stjörninni erum einstaklega stolt og þakklát fyrir það hlutverk sem við sinnum í samvinnu við bæjarbúa. UMF Stjarnan er meðal stærstu þjónustuaðila í nær samfélaginu í Garðabæ en hlutverk félagsins í dag er þrjúþætt:

- Almennings-íþróttir fyrir fullorðna
- Barna- og unglíngastarf
- Afreksstarf

Í barna og unglíngastarfi félagsins er hugsjón félagsins fyrst og fremst í því að byggja upp sterka einstaklinga út í samfélagið, sem læra í gegnum íþróttir að takast á við mótlæti, læra af mistökunum og hafa hugrekki til að halda áfram að sækja drama sína. Okkur hættil stundum til þess að gleyma því gífurlega mikla forvarnargildi sem þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi hefur á Íslandi. Þátttakan ásamt samveru með foreldrum eru tveir stórir þættir sem hafa áhrif til góðs þegar litid er til áhættuhegðunar barna og ungmenna og þróunin á undanförmum 20 árum hefur verið frábær og litid er til íslensku leiðarinnar hvaðanæva úr heiminum.

Þegar litid er til afreksstarfs þá er Stjarnan í fremstu röð. Helsti tilgangur afreksstarfs félagsins er að tryggja yngri iðkendum fyrirmyndir sem þær geta horft upp til en rannsóknir hafa marg sannað mikilvægi þessa hlutverk. Eins má ekki gleyma þeirri mikilvægu félagsleg samveru, samstöðu mætti og skemmtanagildi sem það hefur fyrir íbúa samfélagsins.

Samstaðan sem myndast í kringum afreksfólkið okkar er stór hluti af því sem þéttir okkur saman, við finnum fyrir því að tilheyra stærri heild, sem við getum fagnað með á góðu stundunum og fundið samstöðu og stuðning frá þegar á reynir. Í ár þegar áhorfendabann var ítrekað sett á kappleiki í

starfi félagsins reyndi virkilega á tilgang þess. Leikmenn fundu fyrir missi af áhorfendum sem hvetja þá til dæða og eru stór partur af leiknum.

Því miður varð niðurstaða Íslandsmótsins í knattspyrnu sú sama og hjá vetraríþróttunum og flauta þurfti mótið af án þess að tækifæri gæfist til að klára alla leiki þar sem staða covid var aftur á kreiki.

Seinnibylgja Covid á haust mánuðum hafði áhrif á mun meira en Íslandsmótið í knattspyrnu, þar sem stöðva þurfti alla starfsemi félaganna, aftur í byrjun októbers. Aftur fór einbeiting þjálfara í að halda tengslum við iðkendur og hugsa í lausnum varðandi æfingahald ungra sem eldri iðkenda félagsins. Það var því kærkomin jólagjöf þegar heimild gafst til að hefja æfingar aftur á nýjan leik fyrir yngstu iðkendur félagsins og afrekshópa. Söknuður var þó af aldursþópnum 16-20 ára sem ekki máttu hefja hefðbundnar æfingar fyrr en á nýju ári og áhyggjur forsvarsmanna Stjórnunnar töluverðar af áhrifum sem ástandið gæti haft á þeirra líðan og mögulegu brottfalli. Áhersla var lögð á að þjálfara væru duglegir að heyra í iðkendum og kanna líðan þeirra reglulega ásamt því að setja upp heimaæfingar.

Árið 2020 hefur því reynst félaginu stór áskorun bæði út frá félagslegum og fjárhagslegum sjónarhornum. Íþróttastarf er stór hluti af menningu okkar, við sameinust á bak við landslið okkar og/eða félagslið ásamt því að vera mikilvægur lærdómsvettvangur ungu kynslóðarinnar og mikilvægt á tímum líkt og þessum að stjórnvöld standi vörð um starfsemina og gæti þess að félög geti sinnt hlutverki sínu áfram að fullum krafti. Forsvarsmenn Stjórnunnar eru einstaklega þakklátir forsvarsmönnum íþróttahreyfingarinnar; ÍSÍ, UMFÍ og ríkisstjórninni fyrir þeirra hjálp á fordæmalausum tímum.

Megi hækkaði sól færa okkur bjartari tíma í íslensku íþróttalífi

Skíni Stjarnan!



Dansfélagið Hvönn

Sími +354 862 6168 | hvonn@hvonn.is | www.hvonn.is
Aðalfundur félagsins var haldinn 20. desember 2020 fyrir starfsárið 2019. Aðalfundur ársins 2020 verður haldinn í mars næstkomandi.

Stjórn félagsins á tímabilinu:

Hafsteinn Örn Guðmundsson formaður Örvar Möller varaformaður Aldís Gunnarsdóttir gjaldkeri og framkvæmdastjóri Hildur Ýr Arnarsdóttir meðstjórnandi Tinna Karen Guðbjartsdóttir meðstjórnandi Varamenn: Lilja Rut Þórarinsdóttir og Íris Anita Hafsteinsdóttir varamaður/ formaður í veikindum Hafsteins

Eftir aðalfund er stjórnarskipan eftirfarandi: Hildur Ýr Arnarsdóttir formaður og skólastjóri Tinna Karen Guðbjartsdóttir varaformaður og framkvæmdastjóri Rannveig Gauja Guðbjartsdóttir gjaldkeri Lilja Rut Þórarinsdóttir ritari og aðstoðarskólastjóri Ólafur Þór Erlendsson meðstjórnandi Varamenn: Örn Arnarson og Andri Freyr Óskarsson

Miklar breytingar urðu í stjórn á liðnu ári og kynslóðaskipti urðu hjá félaginu. Um mitt ár tók hluti nýrrar stjórnar til starfa þó að formlegur aðalfundur hafi ekki verið haldinn fyrr en í lok árs 2020 vegna veikinda fyrri formanns. Hafsteinn, Aldís, Örvar og Íris Anita létu öll af störfum fyrir félagið



og nýtt fólk kom inn. Hildur, Tinna og Lilja héldu áfram í stjórn en tóku allar við nýjum hlutverkum. Á fyrriparti árs kom í ljós að félagið þyrfti að flytja aðsetur sitt á nýjan stað þar sem taka átti sal félagsins undir skólastofur fyrir Hörðuvallaskóla og hófst leit að nýju húsnæði. Covid faraldurinn setti á sama tíma mikinn svip á síðasta starfsár og varð félagið að loka fyrir alla þjálfun á vormánuðum og fram á haustið. Um haustið vorum við vongóð um að geta byrjað kennslu aftur en frestaðist það fram í nóvember. Þjálfun meistaraflokks og keppnishópa var haldið áfram eins og hægt var með fjarþjálfun í gegnum fjarfundabúnað og gafst það ágætlega. Öll kennsla í almennum hópum var því lögð niður á meðan faraldurinn stóð sem hæst. Covid sumarið var nýtt til að flytja félagið á nýjan stað, í glæsilegt húsnæði í Ögurhvarfi 4a í Kópavogi. Félagið er því komið í framtíðarhúsnæði þar sem hægt er að byggja áfram. Við höfum átt í mjög góðu og farsælu samstarfi við Kópavogsbæ og erum þeim þakklátir fyrir góðan stuðning og frábært húsnæði sem félagið er nú í.

Dansfélagið Hvönn hefur lagt áherslu á að bjóða upp á danskennslu fyrir alla aldursþópa frá 3ja ára aldri. Félagið hefur boðið upp á kennslu í barnadönsum, almennum samkvæmisdönsum, Zumba sem og sérhæft sig í kennslu fyrir fólk með þroskaraskanir. Einnig hefur félagið verið að sinna kennslu innan leikskóla og framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Á liðnu starfsári átti félagið danspar í landsliði DSÍ í samkvæmisdönsum í flokki Unglinga II, 14 – 15 ára, þau Ingólf Bjart Magnússon og Auði Elínu Gústavsdóttir. Er félagið ákaflega stolt af því að eiga frambærileg þör í efsta getustigi. Einkunnarorð félagsins voru skilgreind á árinu: Gleði – Virðing – Færni. Við horfum mjög bjartsýn til 2021 með þau orð að leiðarljósi. Markið félagsins er að fjölga félagsmönnum og eiga iðkendur á öllum stigum dansíþróttarinnar, styðja við bakið á kennurum okkar og auka þekkingu innan félagsins. Við höldum ótrauð áfram að byggja upp gott félag, sem er elsta starfandi dansíþróttafélagið innan UMSK og ÍSÍ og erum við mjög stolt af þeirri staðreynd.

Fyrir hönd stjórnar;

Hildur Ýr Arnarsdóttir, formaður Tinna Karen Guðbjartsdóttir, framkvæmdarstjóri



DÍK

Aðalfundur DÍK var haldinn 25. Júní 2020. Formaður félagsins er Ellen Dröfn Björnsdóttir, aðrir stjórnarmenn eru, Edgar Gapunay, Rakel Ýr Ísaksen, Davíð Jóhannsson, Bjarni Bragason og Ívar Þórðarsson

Dansþör frá félaginu kepptu á öllum mótum sem heldin voru hérlendis á árinu. Einnig unnu þör frá DÍK sér inn þátttökurétt til að keppa á Heimsmeistara og Evrópumeistaramótum, en allar þær ferðir dattu niður.

Dansþör félagsins unnu nokkra Íslandsmeistara- og bikarmeistaratitla í meistaraflokkum og fullt af öðrum verðlaunum í öllum flokkum á öllum aldri á mótum vetrarins.

Dansíþróttafélag Kópavogs og Dansdeild HK héldu dansmót UMSK í 7 skiptið í byrjun október. Allir keppendur voru orðnir þyrstir að fá loksins að keppa og gekk keppnin vonum framar. Keppnisþör frá Dansíþróttafélagi Kópavogs sigruðu stigakeppnina á mótinu.

Það er árlegur viðburður að keppnisþör sjái um dansatriði í Jólagestum Björgvins sem og í ár með öðru sniði. Einnig hafa margir krakkar verið með í alls konar uppfærslum á leikritum og sýningum undanfarin ár t.d. Skoppur og Skríttlu og Jólátónleika Siggú Beintiens.

Ásta María og Finnur Hugl fengu viðurkenningu fyrir árangur sinn í dansi á árinu 2020 frá Kópavogsbæ.

Miklar lokanir útaf Covid 19 höfðu miklar afleiðingar á starfsemina. Allar danskeppnir féllu niður erlendis sem og hér innanlands. Miklar hömlur voru settar á dansara landsins þar sem dansþör máttu ekki dansa saman þótt það væri búið að opna fyrir íþróttastarfsemi.

Lög Ungmennasambands Kjalarnespings UMSK

1.gr. **Heiti og sambandssvæði**

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnespings, skammstafað UMSK. Sambandssvæðið er Garðabær, Kjósín, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Sel-tjarnarnesbær.

2.gr. **Réttur til aðildar**

Rétt til aðildar í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfrækt eru á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands, Íþrótt- og Olympíusambands Íslands og starfa jafnframt í anda þeirra.

3.gr. **Umsókn um aðild**

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambandsstjórnar UMSK ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt inngönguna er staðfestast skal á héraðsþingi.

4.gr. **Starfsskýrslur**

Aðildarfélag skulu senda starfsskýrslur með féлага- og iðkendonum og tölum úr ársreikningum fyrir 1. júní ár hvert. Fyrir 1. júní ár hvert skulu félagin skila árskýrslum sínum til sambandsins með árituðum ársreikningi. Berist árskýrslur ekki fyrir tilsettan tíma er stjórn sambandsins heimilt að fresta greiðslum á hlutdeild viðkomandi aðila í tekjum Íslenskrar getspár þar til skýrslur berast. Hvert það aðildarfélag, sem ekki hefur haldið aðalfund og sent starfsskýrslur og ársreikninga, missir atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi UMSK.

Líði annað ár án þess að félag haldi aðalfund eða geri skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum, getur ársþing UMSK tekið ákvörðun um, að félaginu skuli vikið úr samandinu. Ákveði þing að vikja félagi úr sambandinu skal tilkynna það til félagsins, ÍSÍ, UMFÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.

5.gr. **Héraðsþing**

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið fyrir lok mars ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélagunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþingi, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélagum með eigi minna en 15 daga fyrirvara. Tillögur að lagabreytingum og tilkynningar framboðs til formanns og stjórnar, sem og aðrar tillögur sem leggja skal fyrir þingið, skulu berast skrifstofu UMSK eigi síðar en 20 dögum fyrir þing.

6.gr. **Hlutverk héraðsþings**

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa

milli féлага sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt fjórða kafla um Dómstóla ÍSÍ í lögum ÍSÍ. Héraðsþing ákveður aðildargjald félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og aðildargjaldið skulu sambandsfélagin senda fyrir 1. júní ár hvert.

7.gr. **Fulltrúar á héraðsþingi**

Sambandsfélagin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 100 eða færri og einn fyrir 50 umfram síðasta hundrað gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing skoðast lögmætt, ef löglega er til þess boðað.

8.gr. **Réttur til þingsetu**

Á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar og sambandsstjórn atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ
- Íþróttfulltrúi ríkisins.
- Skoðunarmenn reikninga
- Meðlimir fastanefnda.
- Starfsmenn sambandsins.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum þingsetu. Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á héraðsþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

9.gr. **Dagskrá héraðsþings**

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

- Þingsetning.
- Kosning þingforseta.
- Kosning þingritara.
- Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
- Skýrsla stjórnar lögð fram.
- Ársreikningur áritaður af stjórn og skoðunarmönnum lagður fram.
- Ávörp gesta.
- Álit kjörbréfanefndar.
- Staðfesting á aðild nýrra félaga.
- Umræður um skýrslu stjórnar.
- Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.
- Skipað í nefndir til starfa á þinginu, ef þörf þykir, þar á meðal uppstillingarnefnd sem starfar á milli þinga.
- Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
- Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
- Aðrar tillögur lagðar fram.
- Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
- Afgreiðsla á álitu nefnda.
- Önnur mál.
- Kosningar, kjörnefnd skilar álitu.
- Kosning formanns.

- Kosning tveggja stjórnarmanna.
- Kosning þriggja manna í varastjórn.
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
- Kosning til íþróttþings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem íþróttþing er haldið.
- Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabeytingar sé að ræða.

10.gr. **Aukabing**

Aukabing skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukabings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukabingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukabingi má ekki gera laga- eða reglugerðarbreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráða- birgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

11.gr. **Stjórn**

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosid um tvo árlega. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn og ennfremur tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara. Stjórninni er heimilt að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveðna þætti starfsins, telji hún þess þörf.

Stjórninni er heimilt að boða til fundar með formönnum aðildarféлага UMSK í september eða október ár hvert.

12.gr. **Hlutverk stjórnar**

Stjórnin stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Hún varðveitir sjóði sambandsins og aðrar eignir og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju héraðsþingi. Stjórnin skal setja reglur um allar ferðir á vegum sambandsins.

13.gr. **Lagabreytingar**

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganeftar sem skal vera ein af fastanefndum þingsins. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist skrifstofu UMSK eigi síðar en 20 dögum fyrir sambandsþing sem sendir þær sambandsaðilum til kynningar.

14.gr. **Atkvæðamagn við lagabreytingar**

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða á héraðsþingi.

15.gr. **Gildistaka**

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eldri lög sambandsins. Lög þessi taka gildi við staðfestingu ÍSÍ og UMFÍ, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

Samþykkt á héraðsþingi UMSK 2019

Áritun þingjörinna skoðunarmanna

Undirritaðir, þingjörnir skoðunarmenn Ungmennasambands Kjalarnesþings, höfum farið yfir ársreikning sambandsins fyrir fjárhagsárið 2020 og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 17. febrúar 2021

???????

???????

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur			
Tekjur	sl 1	147.192.960	114.406.611
		<u>147.192.960</u>	<u>114.406.611</u>
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	sl 2	16.923.428	13.109.191
Kostnaður vegna mótahalds	sl 3	1.520.803	1.737.912
Lottó úthlutað aðildarfélögum		102.723.187	79.288.846
Lagt í afreksmannasjóð	6	7.882.962	8.026.126
Annar kostnaður	sl 4	18.054.167	12.367.307
		<u>147.104.547</u>	<u>114.529.382</u>
		<i>Hagnaður (tap) fyrir vexti</i>	<i>(122.771)</i>
Vextir			
Vaxtatekjur		391.524	894.792
Gengismunur		326.482	165.540
Vaxtagjöld, fjármagnstekjuskattur og þjónustugjöld		<u>(188.435)</u>	<u>(287.806)</u>
		<u>529.571</u>	<u>772.526</u>
		Hagnaður ársins	649.755
		<u><u>617.984</u></u>	<u><u>649.755</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir

	Skýr.	2020	2019
Fastafjármunir			
<i>Varanlegir rekstrarfjármunir</i>			
Sumarhús		0	30.000
Áhöld og búnaður		5.193.114	5.193.114
<i>Fastafjármunir</i>		<u>5.193.114</u>	<u>5.223.114</u>
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur	sl 6	16.464.023	11.633.481
Bankainnstæður	sl 5	46.555.931	41.366.885
<i>Veltufjármunir</i>		<u>63.019.954</u>	<u>53.000.366</u>
Eignir		<u><u>68.213.068</u></u>	<u><u>58.223.480</u></u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé	5+6		
Flutt frá fyrra ári		27.140.711	26.490.956
Hagnaður ársins		617.984	649.755
Eigið fé sjóða		27.919.789	22.563.077
<i>Eigið fé</i>		<u>55.678.484</u>	<u>49.703.788</u>
Skammtímaskuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir.....	sl 7	0	126.745
Ógreitt lottó.....		10.514.681	6.292.069
Laun og launatengd gjöld.....		2.019.903	2.100.878
<i>Skammtímaskuldir</i>		<u>12.534.584</u>	<u>8.519.692</u>
<i>Skuldir</i>		<u>12.534.584</u>	<u>8.519.692</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>68.213.068</u></u>	<u><u>58.223.480</u></u>

1. *Starfsemi*

Ungmennasamband Kjalarnesþings er héraðssamband innan Íþróttá- og ólympíusambands Íslands og starfar skv. lögum Ungmennasambands Kjalarnesþings samþykktum 8. febrúar 2001.

2. *Reikningsskilaaðferðir*

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og samkvæmt almennum reikningsskilaaðferðum með hliðstæðum hætti og árið áður.

Áunnið ótekið orlof fastra starfsmanna er reiknað og fært í ársreikninginn.

3. *Launamál*

Laun og tengd gjöld greinast þannig:	2020	2019
Laun og launatengd gjöld	16.923.428	13.109.191
	<u>16.923.428</u>	<u>13.109.191</u>
Meðalfjöldi starfa	1,1	1,1

4. *Skattamál*

Ungmennasamband Kjalarnesþings er ekki skattskyldur lögaðili og greiðir því ekki tekjuskatt.

5. *Eigið fé*

<i>Yfirlit eiginfjárreikninga:</i>	<i>Óráðstafað eigið fé</i>
Flutt frá fyrra ári	27.140.711
Hagnaður ársins	617.984
	<u>27.758.695</u>
<i>Eigið fé sjóða:</i>	
Landsmótssjóður	6.800.000
Söguritunarsjóður	1.320.000
Fræðslusjóður	3.650.000
Verkefnasjóður	3.000.000
Afreksmannasjóður	13.149.789
	<u>27.919.789</u>
	<u>55.678.484</u>
<i>6. Afreksmannasjóður</i>	
Skuldbinding frá fyrra ári	6.836.827
Lagt í afreksmannasjóð 2020	7.882.962
Úthlutað úr afreksmannasjóði 2020	(1.570.000)
	<u>13.149.789</u>

Sundurliðanir

	2020	2019
1. Tekjur		
Íslenskar getraunir	1.412.572	1.285.400
Lottó ÍSÍ	51.062.347	45.612.258
Lottó UMFÍ	61.551.390	54.730.289
Aukaúthlutun ÍSÍ og UMFÍ v covid	17.415.600	0
Skattar aðildarfélaga	1.843.350	2.157.300
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	12.319.424	9.650.864
Aðrir styrkir og tekjur	1.588.277	970.500
	<u>147.192.960</u>	<u>114.406.611</u>
2. Laun og launatengd gjöld		
Laun og launatengd gjöld	16.519.280	12.456.077
Áunnið orlof	54.148	53.114
Ökutækjastyrkir	350.000	600.000
	<u>16.923.428</u>	<u>13.109.191</u>
3. Kostnaður vegna mótahalds		
Battavellir	0	306
Biathlon	0	135.105
Boccia	0	129.200
Dansmót UMSK	0	300.000
Drulluhlaup	152.626	0
Eldriborgaraverkefni	605.108	107.570
Fyrirtækjaboðhlaup	305.928	0
Íþróttaveisla	124.000	0
Rafleikir	250.000	0
Sjúkrakassi, spritt og grímur	14.400	0
Skólahlaup UMSK	0	270.000
Skólamót í blaki	0	466.877
Sundmót	63.451	0
Unglingalandsmót	0	263.364
Verðlaun	5.290	65.490
	<u>1.520.803</u>	<u>1.737.912</u>

Sundurliðanir

4. Annar kostnaður

Aðkeypt þjónusta	200.240	0
Áhöld og búnaður, endurbætur skrifstofu	287.099	801.068
Bókhald, reikningagerð	365.552	276.024
Burðargjöld	0	1.829
Bækur, tímarit	2.990	5.980
Ferðakostnaður	647.418	1.114.004
Framlög og styrkir	1.989.037	1.017.930
Úthlutað vegna covid	10.000.000	
Hátíð í Guðmundarlundi	62.062	0
Húsaleiga	772.272	735.564
Kostnaður vegna kerru	921.393	0
Kynningar og fræðslumál	72.300	3.286.281
Landsmótssjóður	0	1.000.000
Námskeið	0	64.500
Ritföng, pappír, prentun	16.194	15.438
Símakostnaður	256.822	259.377
Stefnumótun	0	186.310
Söguritunarsjóður	0	0
Tryggingar	75.095	19.761
Tölvukostnaður	901.321	658.219
Veitingar, fundakostnaður	648.351	747.890
Verkefnasjóður	0	1.000.000
Þing og sérráð	806.021	1.177.132
Sumarhús afskrifað	30.000	0
	<u>18.054.167</u>	<u>12.367.307</u>

5. Bankainnstæður

Hlaupareikningur 8080 í Íslandsbanka	860.588	1.210.705
Trompbók 300034 í Íslandsbanka	34.446.384	29.616.429
Afreksmannasjóður reikningur 407716 í Íslandsbanka	892.928	601.480
Bakhjarl reikningur 660086 í Íslandsbanka	7.887.378	7.796.189
Evrureikningur 711221	2.468.653	2.142.082
	<u>46.555.931</u>	<u>41.366.885</u>

6. Skammtímaskuldur

UMFÍ	7.412.690	5.703.540
ÍSí	9.051.333	5.929.941
	<u>16.464.023</u>	<u>11.633.481</u>

7. Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreiddur kostnaður	0	126.745
	<u>0</u>	<u>126.745</u>

A handball match in progress. A player in a blue jersey with the number 13 is in the foreground, looking towards the right. In the background, a player in a white jersey is holding a yellow and red handball. The scene is set in an indoor sports arena.

**ANNA BRYNDÍS BLÖNDAL
LYFJAFRÆÐINGUR**

**AÐ STUNDA ÍPRÓTTIR GERIR OKKUR BETRI Í HVERJU SEM ER.
ÞESS VEGNA STYÐJUM VIÐ ÞÆR ALLAR!**

